



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Hugvísindasvið

# **Heiðursmannasamkomulagið í Viðey**

*Orsök og aðdragandi myndunar Viðeyjarstjórnar 1991*

**Ritgerð til B.A.-prófs**

**Steindór Grétar Jónsson**

**September 2008**



Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

**Sagnfræði- og heimspekideild**

# **Heiðursmannasamkomulagið í Viðey**

*Orsök og aðdragandi myndunar Viðeyjarstjórnar 1991*

Ritgerð til B.A.-prófs

Steindór Grétar Jónsson

Kt.: 011085-2379

Leiðbeinandi: Valur Ingimundarson

September 2008



## **Heiðursmannasamkomulagið í Viðey**

*Orsök og aðdragandi myndunar Viðeyjarstjórnar 1991*

Viðeyjarstjórnin svokallaða var ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, sem tók við völdum 30. apríl 1991, í kjölfar þingkosninga tíu dögum áður. Með þátttöku sinni í stjórninni rauf Alþýðuflokkurinn meirihluta vinstri stjórnarinnar, sem samanstóð af Alþýðubandalagi, Framsóknarflokki og hluta Borgaraflokks, auk Alþýðuflokks. Sú stjórn hélt velli með einum manni í kosningunum, þrátt fyrir að Borgaraflokkurinn þurrkaðist út af þingi. Alþýðuflokkur kaus hins vegar að starfa með Sjálfstæðisflokki. Mörg stór mál voru framundan, meðal annars samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði, þrengingar í efnahagsmálum og viðræður um nýtt álver á Keilisnesi.

Í ritgerðinni eru greindar ástæður þess að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks var mynduð eftir kosningarnar 1991. Kosningabaráttan hafði þar mikil áhrif og þá sérstaklega deilur forystumanna félagshyggjuflokkanna þriggja. Þá var ágreiningur um EES samninginn einn helsti ásteytingarsteinninn í vinstra samstarfinu. Stefnubreyting sjálfstæðismanna í Evrópumálum var lykilatriði í að saman náði með Viðeyjarflokkunum. Rakið er hvaða áhrif leynilegir einkafundir forystumanna Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks höfðu á möguleikann á stjórnarmyndun. Í ritgerðinni er einnig krufið hvernig ráðherrar ríkisstjórnarinnar voru valdir og skoðað hvaða áhrif málefnaáherslur flokkanna höfðu á myndun Viðeyjarstjórnarinnar.

Sviðsljósinu er sérstaklega beint að persónulegum samskiptum forystumanna helstu stjórnmalaflokkanna, hvernig þeim samdi og hvað þeim fór á milli í aðdraganda kosninga og í kjölfar þeirra. Stjórnmal snúast um meira en málefni eða persónulegan metnað, stundum getur skortur á trausti eða vináttu hindrað samstarf tveggja stjórnmalamanna. Sýnt er fram á að sú hafi verið raunin vorið 1991 og að ósætti stjórnarflokkanna í kosningabaráttunni hafi rutt veginn fyrir myndun Viðeyjarstjórnarinnar.



## Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b>	<b>8</b>
<b>Stjórn málaástandið 1988-1991</b>	<b>12</b>
<i>Frá ráðuneyti Þorsteins Pálssonar til vinstri stjórnar</i>	12
<i>„Á rauðu ljósi“ – samband A-flokkanna</i>	14
<b>Sundrungr í vinstri stjórn og viðreisnarvilji</b>	<b>17</b>
<i>EES-stefna flokkanna</i>	17
<i>X-B, ekki EB</i>	22
<i>Álmálið</i>	26
<i>Sættir viðreisnarflokkanna</i>	30
<b>Viðreisnarsamstarf í Viðey</b>	<b>36</b>
<i>Viðreisn eða vinstri stjórn?</i>	36
<i>Málefni Viðeyjarstjórnarinnar</i>	46
<i>Ráðherrar í Viðeyjarstjórninni</i>	50
<i>Stjórnartíminn</i>	56
<b>Niðurstöður</b>	<b>58</b>
<b>Heimildaskrá</b>	<b>63</b>

## Inngangur

Myndun Viðeyjarstjórnarinnar svokölluðu, stjórnar Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks, árið 1991 markaði upphaf valdatíðar Sjálfstæðisflokks Davíðs Oddssonar, sem staðið hefur æ síðan. Að sama skapi rauf hún þá samstöðu sem myndast hafði meðal félagshyggjuflokkanna þriggja í ríkisstjórn, Alþýðubandalags, Alþýðuflokks og Framsóknarflokks, sem haldið höfðu velli í Alþingiskosningunum 1991. Fjöldi vinstrimanna var óánægður með þessar breytingar og taldi Jón Baldvin Hannibalsson, formann Alþýðuflokks, hafa svikið hugsjónina um sameiningu jafnaðarmanna og sett á fót hægri stjórn.<sup>1</sup> Stjórnarsamstarfið hefur fengið þau eftirmæli að hafa gengið illa<sup>2</sup> og hafa stuðlað að auknum ójöfnuði.<sup>3</sup> Aðrir minnst Viðeyjarstjórnarinnar fyrir einkavæðingu, aðhald í ríkisfjármálum<sup>4</sup> og sjálfstæða utanríkisstefnu.<sup>5</sup> Spurningar hafa vaknað um hvað olli því að Alþýðuflokkurinn hætti samstarfi við vinstri flokkana og myndaði nýja ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokki.

Spurningin um aðild Íslands að EES samningnum var stærsta viðfangsefni íslensku þjóðarinnar á þeim tímum sem þessi ritgerð fjallar um. Fyrir kosningarnar voru Evrópumál allsráðandi í umræðunni og kom í ljós djúpstæður ágreiningur stjórnmalaflokkanna hvað varðaði aðild að Evrópsku efnahagssvæði og jafnvel sjálfu Evrópubandalaginu. Vinstri stjórnin sjálf, sem hafði sameiginlega lagt grunninn að þátttöku Íslands í Evrópsku efnahagssvæði var skyndilega farin að deila innbyrðis um ágæti EES samningsins. Baldur Þórhallsson hefur fjallað um að samhljómur milli Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks í Evrópumálum hafi ráðið úrslitum um myndun Viðeyjarstjórnarinnar.<sup>6</sup> Baldur og Ólafur Stephensen hafa báðir fjallað um þessi mál og keimlíka stefnu Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks í Evrópumálum. Í þessari ritgerð er hins vegar farið ítarlega í deilur milli félagshyggjuflokkanna í ríkisstjórn um

<sup>1</sup> *DV*, 27. apríl. 1991. Bls. 3. Sjá einnig *DV*, 27. apríl 1991. Bls. 2. og „Stórir menn og stór egó“. Bloggsíða Össurar Skarphéðinssonar.

<sup>2</sup> *Ísland á 20. öld*. Bls. 523.

<sup>3</sup> *Stelpan frá Stokkseyri*. Bls. 158.

<sup>4</sup> Viðtal við Ólaf G. Einarsson. Tekið 8. ágúst. 2008.

<sup>5</sup> Viðtal við Styrmi Gunnarsson. Tekið 11. ágúst. 2008. Sjá einnig viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson tekið 19. ágúst 2008 og *Forsætisráðherrann*. Bls. 331.

<sup>6</sup> „Evrópastefna íslenskra stjórnvalda. Stefnumótun, átök og afleiðingar.“ Bls. 80.



Evrópumálin, sem ekki hafa áður verið skoðaðar í kjölinn. Átök forystumanna vinstri flokkanna og skrif málgagna flokkanna um Evrópumál benda til þess að ágreiningurinn hafi valdið persónulegum illdeilum og trúnaðarbresti. Vegna umfangs EES samningsins í stjórnmálum Íslands á fyrstu árum 10. áratugarins og þeirrar söguskoðunar<sup>7</sup> að ósætti um Evrópumál hafi orðið banabiti vinstri stjórnarinnar er áhersla lögð á að fá svar við spurningunni um hvort deilur um EES samninginn hafi haft áhrif á myndun Viðeyjarstjórnarinnar.

Stjórnarmyndun Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks gekk óvenju fljótt fyrir sig, tók aðeins fjóra daga, og formenn flokkanna voru einir um að semja um málefni og ráðherrastóla. Þetta vakti upp grunsemdir þess efnis að grundvöllurinn að samstarfinu hefði verið lagður fyrir kosningar. „Annars eru tveir mánuðir síðan ég vissi fyrir víst að vissir aðilar í Alþýðuflokki legðu mjög mikla áherslu á að ná samstarfi við Sjálfstæðisflokkinn. Ég væri ekkert undrandi þótt stjórnarsáttmálinn hafi verið tilbúinn fyrir nokkru“<sup>8</sup> sagði Steingrímur Hermannsson daginn eftir að ljóst varð að stjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks væri í burðarliðnum. Þrálátur orðrómur var um að sú stjórn hefði verið fastmælum bundin mánuðum fyrir kosningar, sama hver svo sem úrslit þeirra yrðu. Fleiri en Steingrímur hafa fjallað um þennan orðróm og var þetta altalað vorið eftir kosningarnar.<sup>9</sup> Nú síðast kom Baldur Þórhallsson, prófessor í stjórn málafræði, inn á málið í grein sinni „Evrópustefna íslenskra stjórnvalda: Stefnumótun, átök og afleiðingar“ í bókinni *Uppbrot hugmyndakerfis*, sem Valur Ingimundarson ritstýrði. „Veturinn 1990-1991 [...] fóru fram þrjú leynilegir fundir milli forystumanna Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks“ skrifar Baldur.<sup>10</sup> Gerði ég það því að forgangsverkefni að fá svar við spurningunni um hvort Sjálfstæðisflokkur og Alþýðuflokkur hefðu lagt drög að stjórnarmyndun fyrir kosningar 20. apríl 1991.

Við skrif þessarar ritgerðar var helst leitað fanga í gögnum stjórn mála flokkanna sem áttu hlut að máli og í skrifum dagblaðanna frá þessum tíma. Ágúst Bjarnason, skrifstofustjóri Sjálfstæðisflokksins, veitti aðgang að ítarlegum skýrslum um landsfundi

<sup>7</sup> „Saga og sjónvarp.“ Bls. 63.

<sup>8</sup> *DV*. 27. apríl. 1991. Bls. 2.

<sup>9</sup> „Stórir menn og stór egó“. Bloggsíða Össurar Skarphéðinssonar. Sjá einnig *DV*. 2. maí. 1991. Bls. 4.

<sup>10</sup> „Evrópustefna íslenskra stjórnvalda. Stefnumótun, átök og afleiðingar.“ Bls. 81.

flokksins frá 1989, sem Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri flokksins til margra ára hafði tekið saman. Gögn Alþýðuflokksins var að finna í húsakynnum Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis. Kristján Gunnarsson, formaður félagsins, veitti aðgang að þeim gögnum. Einnig voru tekin viðtöl við marga þá sem komu að myndun Viðeyjarstjórnarinnar eða þekktu til málsins. Í þeim hópi voru fjórir ráðherrar úr ríkisstjórninni, auk annarra áhrifamanna úr stjórnámálum og þjóðlífinu. Davíð Oddsson, forsætisráðherra í Viðeyjarstjórninni, gaf þó ekki kost á viðtali. Sjónarhorn Steingrims Hermannssonar kemur fram í ævisögu hans, *Forsætisráðherrann*, eftir Dag B. Eggertsson og viðhorf flokksbróður hans, Guðna Ágústssonar, má lesa í *Guðni af lífi og sál* eftir Sigmund Erni Rúnarsson. Frásögnum stjórnámálanna ber að sjálfsögðu að taka með fyrirvara, en þær gefa góða innsýn í mannlegu hliðina á stjórnámálunum. Viðtöl sem Ingólfur Margeirsson tók fyrir lokaritgerð sína „Saga og sjónvarp“ veittu einnig góðar vísbendingar. Á safnadeild Ríkisútvarpsins má einnig finna nokkra af þeim umræðuþáttum sem sjónvarpað var í aðdraganda kosninganna 1991. Ólafur Þ. Stephensen fjallar um afstöðu stjórnámálflokkanna til EES samningsins fyrir og eftir kosningar í bók sinni *Áfangi á Evrópuþör*. Baldur Þórhallsson og Hjalti Þór Vignisson skrifa um EES samninginn og afstöðu stjórnámálflokkanna í *Iceland and European Integration. On the edge*, sem Baldur ritstýrði.

Margir fræðimenn hafa fjallað um EES samninginn og grandskoðað deilur íslenskra stjórnámálflokka um hann í aðdraganda þess að hann var samþykktur. Fjallað hefur verið um hvaða áhrif EES málið hafði á myndun Viðeyjarstjórnarinnar. Baldur Þórhallsson hefur einn skoðað leynilegar viðræður forystumanna Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks í aðdraganda kosninga. Hingað til hefur þó ekki verið fjallað heildstætt um aðdraganda þess að stjórnin var mynduð og krufið til mergjar hvaða ástæður lágu þar að baki. Þar hefur skort á að skoða alla helstu málaflokka og viðfangsefni stjórnámálanna á tímabilinu til að festa hönd á hvar vinstri flokkana greindi á og hvar leiðir lágu saman með Alþýðuflokki og Sjálfstæðisflokki. Markmiðið með ritgerðinni er að gera þessu ítarlega skil og sýna fram á allar hliðar stjórnarmyndunarinnar, bæði hvað varðar málefnalegar ástæður hennar, en ekki síður hvað varðar persónuleg tengsl þeirra sem að henni stóðu.

Í ritgerðinni verða færð rök fyrir því að samstaða um EES samninginn hefði illmögulega náðst í áframhaldandi vinstri stjórn. Þá hafi samningum um nýtt álver í Keilisnesi verið teflt í tvísýnu vegna andstöðu nokkurra þingmanna Alþýðubandalags. Með því að skoða málflutning þingmanna fyrir og eftir kosningar og taka tillit til þess hvort þeir sátu í stjórn, eða í andstöðu við hana, má rökstyðja þessar fullyrðingar. Í ritgerðinni verður einnig leitt í ljós að deilur þingmanna stjórnarflokkanna í kosningabaráttunni hafi gert það að verkum að mörgum alþýðuflokksmönnum hafi lítið hugnast áframhaldandi samstarf. Sjálfstæðismenn hafi hins vegar með málflutningi sínum, opinberlega og á lokuðum fundum, kynnt sig sem fýsilegan samstarfsaðila fyrir Alþýðuflokk og gert Jóni Baldvini og félögum nær ómögulegt að hafna samstarfi. Hins vegar hafi sum fyrirheit sjálfstæðismanna ekki staðist þegar á reyndi í stjórnarsamstarfinu. Lauslega er rennt yfir stjórnartíð Viðeyjarstjórnarinnar, en þar bíða ýmis mál þess að verða rannsökuð betur.

Í fyrsta kafla ritgerðarinnar er fjallað um stjórn málaástandið í aðdraganda Alþingiskosninganna 1991. Ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar liðaðist í sundur árið 1988 og félagshyggjuflokkarnir mynduðu nýja stjórn. Sýnt er fram á að samskipti forystu Sjálfstæðisflokksins við framámenn í öðrum stjórn málaflokkum hafi verið með versta móti. Þá eru skoðuð samskipti A-flokkanna, Alþýðuflokks og Alþýðubandalags, sem sátu nú saman í ríkisstjórn. Í öðrum kafla er farið yfir ágreiningsefni félagshyggjuflokkanna í ríkisstjórn og hvernig þau hindruðu áframhaldandi samstarf þeirra að loknum kosningum. Í kaflanum er einnig sýnt fram á að forysta Sjálfstæðisflokksins hafi markvisst reynt að bæta samskiptin við Alþýðuflokk í aðdraganda kosninga og tekist það ætlunarverk sitt. Í þriðja kafla er svo fjallað um stjórnarmyndunarviðræðurnar sjálfar, hvernig skipað var í ráðherraembætti og hverju Alþýðuflokkurinn fékk framgenget í samstarfinu, sem væntanlega hefði ekki náðst samstaða um meðal vinstri flokkanna.

## Stjórn málaástandið 1988-1991

### *Frá ráðuneyti Þorsteins Pálssonar til vinstri stjórnar*

Eftir þingkosningar 1987 var komin upp einstök staða í íslenskum stjórnámálum. Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, sem fram til þessa höfðu alltaf haft þingmeirihluta, sátu uppi með minnihluta þingsæta. Sjálfstæðisflokkur hafði klofnað skömmu fyrir kosningar eftir að Þorsteinn Pálsson, formaður hans, hafði vikið Alberti Guðmundssyni iðnaðarráðherra úr embætti í kjölfar Hafskipsmálsins svokallaða. Albert móðgaðist og stofnaði sinn eigin flokk skömmu fyrir kosningar með hjálp stuðningsmanna sinna, sem kallaðir voru „hulduherinn“.<sup>11</sup> Borgaraflokkur Alberts hlaut 10,9 prósent atkvæða og sjö þingsæti. Kvinnalisti náði einnig góðum árangri og hlaut sex þingmenn. Sjálfstæðisflokkur hlaut aðeins 27,2 prósent atkvæða.

Jón Baldvin Hannibalsson, formaður Alþýðuflokks, hafði lýst því yfir fyrir kosningar 1987 að ef meirihluti væri fyrir því á Alþingi vildi hann mynda nýja „Viðreisnarstjórn“. Viðreisnarstjórn, sem Sjálfstæðisflokkur og Alþýðuflokkur sátu í milli árána 1959 og 1971, hafði fengið góð eftirmæli í báðum flokkum og þótti hafa náð miklum árangri í frjálsræðisátt.<sup>12</sup> Hins vegar reyndist ekki meirihluti fyrir slíkri stjórn þrátt fyrir góðan árangur Alþýðuflokks í kosningunum. Þorsteini Pálssyni var vandi á höndum, þar sem illmögulegt var fyrir Sjálfstæðisflokk að starfa með Alberti og Borgaraflokksmönnum.<sup>13</sup> Með herkjum tókst að mynda ríkisstjórn undir forystu Sjálfstæðisflokks með Framsóknarflokki og Alþýðuflokki. Meira en tvo mánuði tók að mynda þessa þriggja flokka stjórn. Þorsteinn Pálsson varð forsætisráðherra, en samstarf hans við Steingrím Hermannsson og Jón Baldvin Hannibalsson gekk illa. Jón Baldvin segir að þeir Þorsteinn hafi ekki talast við á margra mánaða tímabili frá og með vorinu 1988.<sup>14</sup> Hann lýsti honum þannig að hann væri „vænn maður. Sléttur og felldur á ytra borði, en lokaður og dulur. Honum er ekki sýnt um að laða að sér fólk – skapa í kringum sig vinnuanda, áhuga fólks eða kveikja starfslöngum [sic] og eldmóð í samstarfsmönnum

<sup>11</sup> *Ísland á 20. öld.* Bls. 511. Sjá einnig *Forsætisráðherrann.* Bls. 169.

<sup>12</sup> *Alþýðublaðið.* 12. mars. 1991. Bls. 22 í fylgiriti. Sjá einnig *Alþýðublaðið.* 24. apríl. 1991. Forsíða.

<sup>13</sup> *Ísland á 20. öld.* Bls. 512.

<sup>14</sup> Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson.

sínum .<sup>15</sup> [greinarmerkjasetning sic] Steingrímur, sem hafði áður setið með Þorsteini í ríkisstjórn, sagði að hann gæti „horfið heilu og hálfu dagana eða „ekki látið ná í sig“ sem gat farið mjög í taugarnar á mér.“<sup>16</sup>

Jón Baldvin, sem var fjármálaráðherra í ríkisstjórninni, þurfti að berjast við mikla þenslu í hagkerfinu. Stjórnarflokkarnir deildu um hvaða leiðir bæri að fara í þessum efnum. Jón Baldvin beitti sér fyrir niðurfellingu söluskatts, en í hans stað var innleiddur 24,5 prósentu virðisaukaskattur.<sup>17</sup> Sá skattur gildi líka um matvörur og greip stjórnarandstaðan það á lofti og kallaði hann „matarskatt“. Var hart sótt að fjármálaráðherra vegna málsins og þóttist hann fá lítinn stuðning frá forsætisráðherra, sem hafði viljað lækka eða afnema hinn óvinsæla „matarskatt“. Þeim tillögum Þorsteins var lekið í fjölmiðla. Jón sagði í frægum sjónvarpsþætti 19:19 á Stöð 2, 16. september 1988, að hegðun Þorsteins væri „rýtingur í bakið á samstarfsmanni.“<sup>18</sup> Í sama þætti sagði Steingrímur Hermannsson að það þyrfti „kraftaverk til að lyfta þessu upp á það plan, að ríkisstjórnin geti haldið áfram að starfa til einhvers tíma.“<sup>19</sup> Samstaða Steingríms og Jóns Baldvins var greinileg í þættinum og ljóst að á milli þeirra ríkti mikið traust. Mjög náið samband hafði myndast milli þeirra tveggja á lokadögum ríkisstjórnar Þorsteins. Jón taldi hins vegar að Þorsteinn hefði sett sér og ríkisstjórn sinni úrslitakosti í efnahagsmálum, sem hefðu valdið því að hún gæti ekki starfað saman lengur.<sup>20</sup> Hann segir jafnframt að Þorsteinn hafi ómögulega getað haldið utan um ríkisstjórn, engin samskipti hafi farið fram innan hennar og engar rökræður.<sup>21</sup>

Úr varð að Steingrímur og Jón Baldvin fengu Alþýðubandalagið með sér í ríkisstjórn út kjörtímabilið. Steingrímur varð þá forsætisráðherra, Jón Baldvin utanríkisráðherra og Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Alþýðubandalags utan þings, varð fjármálaráðherra. Hluti Borgaraflokks gekk síðan til liðs við stjórnina 10. september 1989 og fékk tvo ráðherra. Ríkisstjórnarinnar biðu miklir erfiðleikar, sérstaklega í

<sup>15</sup> *Alþýðublaðið*. 13. október. 1988. Bls. 7.

<sup>16</sup> *Forsætisráðherrann*. Bls. 73.

<sup>17</sup> „Saga og sjónvarp.“ Bls. 28.

<sup>18</sup> „Saga og sjónvarp.“ Bls. 53.

<sup>19</sup> „Saga og sjónvarp.“ Bls. 55.

<sup>20</sup> „Saga og sjónvarp.“ Bls. 38.

<sup>21</sup> Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson.

efnahagsmálum. Atvinnuleysi jókst á upphafsárum hennar eftir mikið þensluskeið.<sup>22</sup> Þjóðarsáttarsamningar í febrúar 1990, sem stofnað var til að frumkvæði verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda, urðu til þess að verðbólgan tók að lækka og fór í fyrsta sinn í mörg ár niður fyrir tveggja stafa tölu. Staða ríkissjóðs fór hins vegar síversnandi og mátti Ólafur Ragnar fjármálaráðherra sæta harðri gagnrýni stjórnarandstöðunnar. Meira að segja Jón Baldvin gagnrýndi hann og aðra ráðherra Alþýðubandalags í aðdraganda kosninganna 1991 fyrir að hafa „breytt þeim ráðuneytum, sem þeim væri falið að stjórna, í kosningamiðstöðvar fyrir flokka sína ...“<sup>23</sup> Honum fannst ráðherran Alþýðubandalags eyða of miklum peningum í útgáfu kynningarbæklinga á störfum sínum í ráðuneytunum. Þetta sagði hann að þeir gerðu „í þágu flokkspólítíks áróðurs frekar en hlutlægrar upplýsingamiðlunar.“<sup>24</sup> Þetta varð eitt af þeim fjölmörgu atriðum sem áttu eftir að valda sundrunu meðal ríkisstjórnarflokkanna.

„Á rauðu ljósi“ – samband A-flokkanna

Eftir að vinstri stjórnin tók við völdum var mikið rætt um að komið væri að sameiningu félagshyggjumanna, sem lengi hefðu verið sundraðir á Íslandi.<sup>25</sup> Í janúar 1989 tilkynntu Ólafur Ragnar og Jón Baldvin um fundaherferðina „á rauðu ljósi“ til að efla samstöðu milli A-flokkanna tveggja. *Þjóðviljinn* kynnti herferðina með fyrirsögninni „Varanlega vinstrisamvinnu. Trúlofun krata og íhalds hefur verið slitið.“<sup>26</sup> Ólafur Ragnar var spenntur fyrir herferðinni. „Þúsundir manna í Alþýðuflokki og Alþýðubandalagi hafa spurt lengi og spyrja enn: Hvernig eigum við að halda íhaldinu frá valdastólunum? Hvernig eigum við að skapa róttæka hreyfingu launamanna? Hvernig eigum við að gera jafnaðarstefnuna og sósíalismann að leiðarljósi í landsstjórninni? [...] Áhuginn á [fundunum] virðist vera mikill og vonandi endurspeglar hann það að fólkið í landinu vill raunverulega vinstri breiðfylkingu.“<sup>27</sup>

<sup>22</sup> *Ísland á 20. öld.* Bls. 473.

<sup>23</sup> *Morgunblaðið.* 5. apríl. 1991. Bls. 23.

<sup>24</sup> Sama heimild.

<sup>25</sup> *Ísland á 20. öld.* Bls. 515.

<sup>26</sup> *Þjóðviljinn.* 5. janúar. 1989. Bls. 2.

<sup>27</sup> Sama heimild.

Jón Baldvin leit öðrum augum á herferðina. Hann taldi minnkandi áhuga alþýðubandalagsmanna á kommúnisma og Sovétríkjunum verða til þess að þeir vikju smám saman burt frá ýtrustu vinstristefnu. Fundaherferðina sagði hann ekki vera farna í þeim tilgangi að sameina flokkana. „[Formennirnir tveir] eru ekki að fara til að leggja niður flokka sína, ekki að fara til að stofna nýjan flokk, heldur eru þeir að fara til að hefja um það umræður á opinberum vettvangi hvort nú sé tímabært að leggja niður vopnin [...]“ sagði Jón Baldvin. „[F]ullt af fólki [...] hefur látið sig dreyma drauma um öflugan jafnaðarmannaflokk, sem jákvætt svar við pólitískum vandræðum sem lengi hafa hrjáð íslenska lýðveldið.“<sup>28</sup> Í viðtali rúmu ári seinna gerði hann enn minna úr ferðalaginu:

„Ég gerði það að gamni mínu, í óþökk sumra flokksmanna minna, að fara á nokkra fundi með Ólafi Ragnari í ársbyrjun ’89, undir merki “Rauðra ljósa”. [gæsalappir sic] Mér þótti það gaman í skammdeginu. Ég vildi komast í talfæri við þá jafnaðarmenn, sem enn voru af misskilinni hollustu að villast á þessum slóðum. [...] Sumir fjölmiðlungar álpuðust til að misskilja þetta framtak sem merki um það að nú stæði til að sameina Alþýðuflokk og Alþýðubandalag í einum flokki. “Guð sé oss næstur” [sic] segi ég bara enda slíkt víðsfjarri minni hugsun.“<sup>29</sup>

Orð Jóns Baldvins voru lýsandi fyrir þá gjá sem enn var á milli A-flokkanna tveggja á þessum árum, þó að flokkarnir tveir væru í raun nánari en oft áður í sögunni. Ólafur Ragnar virtist bjartsýnni á útkomu fundaherferðarinnar. „Alþýðuflokkurinn var í 30 ár ýmist leynilega eða opinberlega trúlofaður Sjálfstæðisflokknum og sú trúlofun þvældist fyrir farsælli samvinnu Alþýðubandalags og Alþýðuflokks. Nú hefur Alþýðuflokkurinn slitið þessari trúlofun og virðist af einlægni vilja taka höndum saman með okkur til að umskapa íslenskt þjóðfélag á grunvelli [sic] bræðralags og jafnréttis,“<sup>30</sup> sagði hann í *Þjóðviljanum*. Hann taldi þá féлага hafa á fundunum boðað „framτίðarsýn jafnaðarmannahreyfingarinnar.“<sup>31</sup> Greinilegt varð þó seinna meir að mikið bar á milli að þessir tveir flokkar næðu saman um helstu grundvallarmál.

<sup>28</sup> *Þjóðviljinn*. 5. janúar. 1989. Bls. 2.

<sup>29</sup> Óbirt viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson úr skjalasafni Alþýðuflokks.

<sup>30</sup> *Þjóðviljinn*. 5. janúar. 1989. Bls. 2.

<sup>31</sup> *Morgunblaðið*. 27. apríl. 1991. Bls. 26.

Jón Baldvin og Ólafur Ragnar þekktust frá fornu fari og höfðu um skamma hríð verið samferðamenn í pólitík. Þeir voru báðir varaþingmenn fyrir Samtök frjálslyndra og vinstri manna, sem höfðu það á stefnuskránni að sameina jafnaðarmenn. Faðir Jóns Baldvins, Hannibal Valdimarsson, hafði stofnað Samtökin og verið formaður þeirra frá upphafi og þingmaður 1969 til 1974.<sup>32</sup> Ólafur Ragnar hafði áður verið í Framsóknarflokknum, en svo gengið til liðs við Samtökin árið 1974.<sup>33</sup> Jón Baldvin sagði í viðtali árið 1990 að Ólafur Ragnar hefði svo villst inn í Alþýðubandalagið og lent í „þeirri ógæfu að vera kosinn formaður“.<sup>34</sup> Hann hafi ekki átt heima þar, heldur hafi hann verið „eðalkrati“ að vestan. Jóni Baldvini varð tíðrætt um „vandamálafélag úr fortíðinni, sem kallar sig Alþýðubandalag“<sup>35</sup> í viðtalinu:

„Þetta ófriðarfélag virðist eiga skelfing bág, þótt það geti að vísu engum um kennt, öðrum [sic] en sjálfum sér. Fortíð gamla flokkseigendafélagsins er í ösku. Forritið var vitlaust hannað frá upphafi eins og allir mega vita. Og nú hleypur þetta lið hér og þar á vegg, sem voru að vísu rifnir niður ekki síðar en Berlínarmúrinn. Það er ósköp að sjá þennan atgang.“<sup>36</sup>

Í viðtalinu virtist Jón lítið spenntur fyrir framtíðarsamstarfi A-flokkanna, tæpu ári fyrir kosningar. Hann taldi þó að ríkisstjórnin ætti að sitja út kjörtímabilið. „En vera má að úlfúðin í Alþýðubandalaginu raski öllum vinnufriði og að óumflýjanlegt verði að skjóta þessum stóru málum undir dóm kjósenda, fyrr en ella.“<sup>37</sup> Í framhaldinu talaði hann um þau mál sem sameina Sjálfstæðisflokk og Alþýðuflokk og það góða samstarf sem hann vildi eiga við sjálfstæðismenn í Evrópumálum og stóriðjumálum.

<sup>32</sup> Alþingisvefurinn. Hannibal Valdimarsson. <http://www.althingi.is/cv.php4?nfaerslunr=236> Skoðað 14. september. 2008.

<sup>33</sup> Alþingisvefurinn. Ólafur Ragnar Grímsson. <http://www.althingi.is/cv.php4?nfaerslunr=440> Skoðað 14. september. 2008.

<sup>34</sup> Óbirt viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson úr skjalasafni Alþýðuflokks.

<sup>35</sup> Sama heimild.

<sup>36</sup> Sama heimild.

<sup>37</sup> Sama heimild.



## Sundrung í vinstri stjórn og viðreisnarvilji

### *EES-stefna flokkanna*

Á sameiginlegum ráðherrafundi Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) og Evrópubandalagsins (EB) í Lúxemborg í apríl 1984 kom fyrst til tals að setja á fót „evrópskt efnahagssvæði“, sem yrði stærsta fríverslunarsvæði heims. Jacques Delors, forseti framkvæmdastjórnar EB, impraði á hugmyndinni á Evrópuþinginu í Strassborg 17. janúar 1989.<sup>38</sup> Talið var að Delors vildi koma á fót sameiginlegum markaði allra Evrópuríkja sem í hlut áttu og fresta því að stækka sjálft Evrópubandalagið þar til innri markaðurinn tæki gildi fjórum árum seinna.<sup>39</sup> Samningurinn átti að kveða á um fjórfrelsið svokallaða, óheft frelsi í viðskiptum með vörur, þjónustu og fjármagn og óhefta för launafólks.<sup>40</sup> Til þessa máls þurftu Íslendingar að taka afstöðu.

Ólafur Stephensen stjórn málafræðingur hefur skrifað um þátt Íslendinga í Óslóarfundinum í mars sama ár í bók sinni *Áfangi á Evrópuþör*. Á fundinum tóku EFTA ríkin afstöðu til ræðu Jacques Delors. Jón Baldvin utanríkisráðherra og Steingrímur forsætisráðherra sóttu fundinn fyrir Íslands hönd. Í ræðu Steingríms á fundinum kom í ljós að hann setti nokkra fyrirvara við viðræðurnar hvað varðaði fullveldisafsal Íslendinga sem fylgdi samningunum. Hann gerði einnig fyrirvara „hvað varðar frelsi á sviði fjármagnshreyfinga, þjónustu og fólksflutninga. Hið litla og viðkvæma íslenska peningakerfi verður að styrkja og gera virkara en það er nú, áður en unnt er að samþykkja fullt frelsi fjármagnsflutninga.“<sup>41</sup> Jón Baldvin og aðrir þingmenn Alþýðuflokks vildu ekki gera slíka fyrirvara og var þetta forsmekkurinn að því hvernig EES málið átti eftir að gera vinstri stjórninni erfitt fyrir.

Ólafur hefur jafnframt gert ítarlega grein fyrir stefnu stjórn mála flokkanna í Evrópumálum fyrir og eftir kosningar 1991 í sömu bók. Ólafur hefur fært fyrir því rök að afstaða flokkanna hafi meðal annars ráðist af því hvort þeir voru í stjórn eða utan stjórnar. Auk þess hafi stefna margra flokkanna og þingmanna þeirra mótast af þjóðernishyggju. Í bók sinni *Evrópusamruninn og Ísland* skilgreinir Eiríkur Bergmann Einarsson viðhorf

<sup>38</sup> *Áfangi á Evrópuþör*. Bls. 30.

<sup>39</sup> Sama heimild.

<sup>40</sup> *Evrópusamruninn og Ísland*. Bls. 87.

<sup>41</sup> *Iceland and European Integration*. Bls. 40.

þingmanna þannig að þeir hafi annað hvort verið þjóðernissinnar eða alþjóðasinnar.<sup>42</sup> Alþýðuflokkur, undir forystu Jóns Baldvins, var frá upphafi einhuga fylgjandi samningunum. Samstarfsflokkarnir í ríkisstjórn voru klofnari í afstöðu sinni. Þingflokkur Alþýðubandalagsins sendi frá sér ályktun eftir Oslóarfundinn þar sem fjallað var um sams konar fyrirvara og Steingrímur Hermannsson hafði nefnt á fundinum. Innan þingflokksins óttuðust menn fullveldisafsal við undirritun samningsins og voru margir þingmannanna fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslu um samningana. Hjörleifur Guttormsson, fulltrúi flokksins í Evrópustefnunefnd Alþingis, lýsti sig andvígán EES samningnum.<sup>43</sup> Í ályktunum frá landsfundi og ræðum þingmanna á Alþingi kom enn frekar í ljós andstaða Alþýðubandalags við fyrirvaralaus aðild að EES samningnum. Eftir kosningarnar 1991, þegar flokkurinn var kominn í stjórnarandstöðu, varð andstaðan enn meiri. Alþýðubandalagsmenn töldu samninginn brjóta í bága við stjórnarskrá og höfðu miklar efasemdir um fjórfrelsið, sem samningurinn fól í sér.<sup>44</sup> Loks, rúmu ári eftir kosningar, samþykkti miðstjórn Alþýðubandalags ályktun þess efnis að EES samningarnir hefðu verið „tilraun sem mistókst“.<sup>45</sup> Íslendingar hefðu ekki náð fram þeim fyrirvörum í samningnum sem flokkurinn hefði talað fyrir. Þegar málið kom til atkvæðagreiðslu á Alþingi 13. janúar 1993, greiddu allir níu þingmenn Alþýðubandalags atkvæði gegn samningnum.<sup>46</sup> Þetta styður þá kenningu Ólafs Stephensen að stjórnarseta hafi mikið að segja um stefnu stjórnarmálaflökkanna í málaflökknum.

Borgaraflokkurinn studdi EES aðild í ríkisstjórn, en oddviti hans, Júlíus Sólnes, vakti einnig máls á þeirri hugmynd að Ísland stæði utan EES og EB og yrði gert að alþjóðlegri skattaparadís.<sup>47</sup> Ekki reyndi á afstöðu Borgaraflokks í málinu, þar sem flokkurinn tapaði öllum þingstyrk sínum í kosningunum 1991 þegar hann bauð fram undir merkjum Frjálslyndra.

Framsóknarflokkurinn hafði svipaða fyrirvarastefnu í Evrópumálum og Alþýðubandalag, eins og sást meðal annars á ræðu Steingríms Hermannssonar í Osló og

<sup>42</sup> *Evrópusamruninn og Ísland*. Bls. 131.

<sup>43</sup> Ísland í Evrópu. 8. þáttur. 22. janúar. 1991.

<sup>44</sup> *Iceland and European Integration*. Bls. 43.

<sup>45</sup> *Áfangi á Evrópuför*. Bls. 95.

<sup>46</sup> *Áfangi á Evrópuför*. Bls. 51.

<sup>47</sup> Ísland í Evrópu. 8. þáttur.

víðar.<sup>48</sup> Hins vegar veitti hann forystu þeirri ríkisstjórn sem ákvað að leggja upp í EES vegferðina. Í ævisögu sinni segir Steingrímur að ekki hafi „gengið hnífurinn á milli [þeirra Jóns Baldvins] í meðferð EES-samninganna.“<sup>49</sup> Í ræðu á Alþingi sagðist hann ekki kannast „við nein mikilvæg atriði í utanríkismálum þar sem ágreiningur er á milli mín og hæstvirts utanríkisráðherra“<sup>50</sup> Undir niðri bjó þó ágreiningur milli ráðherranna um fyrirvarastefnuna og hvort samningurinn stæðist stjórnarskrá. Kosningabarátta Framsóknarflokksins og málflutningur málgangs hans, *Tímans*, fyrir kosningarnar 1991 varpaði enn frekara ljósi á efasemdir framsóknarmanna í garð Evrópubandalagsins.

Þegar komið var að sjálfri atkvæðagreiðslunni um EES samninginn árið 1993 klofnaði þingflokkur Framsóknarflokksins í afstöðu sinni. Sjö þingmenn greiddu atkvæði gegn samningnum, en sex þeirra sátu hjá, að undirlagi Halldórs Ásgrímssonar varaformanns. Rök þeirra sem sátu hjá voru á þann veg að samningurinn væri gríðarlega mikilvægur fyrir íslenskt efnahagslíf, en þar sem hann stæðist hugsanlega ekki stjórnarskrá, vildu þeir ekki taka pólitíska ábyrgð á honum.<sup>51</sup> Steingrímur Hermannsson segir þennan klofning í þingflokki sínum hafa valdið því að hann hætti afskiptum af stjórn máli.<sup>52</sup>

Kvennalistinn var andvígur EES samningunum frá upphafi og einnig andvígur aðild að Evrópubandalaginu. Rök þingkvenna flokksins vörðuðu helst lýðræðishalla og stöðu kvenna innan bandalagsins og bar nokkuð á þjóðernishyggju í málflutningnum.<sup>53</sup> Sérstaða Kvennalistans var sú að flokkurinn var ávallt gjörsamlega andvígur aðild og vék aldrei nokkurn tímann frá þeirri skoðun. Voru þær frekar fylgjandi tvíhliða samningi við Evrópubandalagið. Þegar til atkvæðagreiðslu kom kusu fjórar þingkonur flokksins gegn samningnum, en ein, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sat hjá. Ingibjörg lék nokkurn einleik í málinu. Hún reyndi að milda afstöðu flokksmanna til EES fyrir kosningar og hvatti til endurskoðunar á stefnunni í Evrópumálum. Fyrir landsfund flokksins að hausti 1992 lýsti hún því opinberlega yfir að hún gæti ekki hafnað EES samningnum á þingi. Um

<sup>48</sup> Ísland í Evrópu. 8. þáttur.

<sup>49</sup> *Forsætisráðherrann*. Bls. 345.

<sup>50</sup> *Alþingistíðindi 1989-1990 B*. Bls. 5369.

<sup>51</sup> *Áfangi á Evrópuför*. Bls. 129.

<sup>52</sup> *Forsætisráðherrann*. Bls. 359.

<sup>53</sup> *Áfangi á Evrópuför*. Bls. 151.

yfirlýsinguna spunnust miklar deilur og fylgdu einhverjar flokkskonur Ingibjörgu að málum.<sup>54</sup> Tilboð Ingibjargar þess efnis að Kvinnalistinn gerðist aðili að fjögurra flokka vinstristjórn eftir kosningar 1991 verður að skoðast í þessu ljósi.

Sjálfstæðisflokkurinn hafði ekki mótað formlega stefnu í Evrópumálum áður en Steingrímur og Jón Baldvin héldu út á Oslóarfundinn í mars 1989. Í kjölfar deilna á þingi um hvort utanríkisráðherra hefði umboð til EES viðræðanna lagði Þorsteinn Pálsson fram vantrauststillögu á ríkisstjórnina ásamt Kristínu Einarsdóttur úr Kvinnalista og Inga Birni Albertssyni frá Frjálslyndum hægrímönnum. Þeirri tillögu var hrundið af stjórnarliðum.<sup>55</sup> Á þessum árum var Sjálfstæðisflokkurinn hins vegar jákvæður í garð Evrópubandalagsins, eins og sjá má á ályktun aldamótanefndar flokksins. „Hugsanlega verður þó skynsamlegast að óska beinlínis eftir viðræðum um inngöngu Íslands í Evrópubandalagið, þótt menn séu um leið reiðubúnir að láta inngönguna ráðast af því, hvort þau skilyrði, sem henni kunna að fylgja, þyki aðgengileg eða ekki“ segir í ályktun nefndarinnar frá 1989.<sup>56</sup> Fyrir nefndinni fór Davíð Oddsson, sem átti eftir að sigra sitjandi formann, Þorstein Pálsson, í formanns­slag á landsfundi vorið 1991. Sú stefna sem Þorsteinn mótaði í Evrópumálum þegar Sjálfstæðisflokkurinn sat í stjórnarandstöðu byggði á tvennu. Annars vegar studdi flokkurinn EES viðræðurnar í þágu almenns viðskiptafrelsis. Hins vegar hvatti flokkurinn til þess að sérstakar tvíhliða viðræður yrðu teknar upp við Evrópubandalagið hvað varðaði fríverslun með sjávarútvegsafurðir. Þessu töldu sjálfstæðismenn Íslendinga ekki geta náð fram í samstarfi við hinar EFTA þjóðirnar.<sup>57</sup> Engu að síður tókst Íslendingum með þrákelkni að ná þessu fram í samningunum, en þetta hafði verið forgangsverkefni íslenskra stjórn­mál­amanna.

Þorsteinn Pálsson segir þessa stefnu Sjálfstæðisflokksins hafa verið lagða fram af tveimur ástæðum. Annars vegar hafi þingmenn hans ekki haft trú á að fríverslun með sjávarafurðir yrði náð fram í EES samningnum í samstarfi við EFTA þjóðirnar og þeir efuðust um að réttri samningatækni væri beitt í viðræðunum. Hins vegar hafi flokkurinn ekki viljað leyfa vinstri stjórninni að sitja áfram í innbyrðis ágreiningi um EES málið.<sup>58</sup>

<sup>54</sup> *Áfangi á Evrópuför*. Bls. 143.

<sup>55</sup> *Forsætisráðherrann*. Bls. 293-294.

<sup>56</sup> *Morgunblaðið*. 6. október. 1989. Bls. 16.

<sup>57</sup> *Áfangi á Evrópuför*. Bls. 158.

<sup>58</sup> Viðtal við Þorstein Pálsson. Tekið 11. júlí. 2008.

Flokksmenn hafi hins vegar almennt verið fylgjandi fjórfrelsinu, frjálsum viðskiptum við Evrópu og opnun landsins.

Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins 7.-10. mars á kosningarárinu 1991 kvað við nýjan tón í Evrópumálunum. Í ályktun flokksins um utanríkismál var ekki talað um tvíhliða viðræður, en áréttað að „Íslendingar eigi samleið með öðrum EFTA-ríkjum um þátttöku í evrópsku efnahagssvæði“.<sup>59</sup> Ef samningar um EES svæði skiluðu ekki árangri þyrfti að leitast við að ná fram markmiðum þeirra með öðrum leiðum. Jafnframt var tekið fram að Íslendingar ættu ekki „að útiloka fyrirfram að til aðildar geti komið að Evrópubandalaginu.“<sup>60</sup> Forystumenn flokksins kvöddu þó tvíhliða stefnuna aldrei almennilega fyrir kosningar. Í þættinum *Setið fyrir svörum* á RÚV, 13 dögum fyrir kosningar, vildi Davíð Oddsson ekki lýsa yfir eindregnum stuðningi við EES samninginn. Hann vildi ekki útiloka aðild að Evrópubandalaginu og nefndi einnig að tvíhliða viðræður við EB gætu enn komið til greina.<sup>61</sup>

Þegar flokkurinn var kominn í ríkisstjórn með Alþýðuflokki eftir kosningarnar 1991 studdi hann EES viðræðurnar ötullega. Á fundi ríkisstjórnarinnar 5. maí var Jóni Baldvini utanríkisráðherra fært fullt umboð til að ljúka samningunum um EES svæðið. Þar var einnig kveðið skýrt á um að veiðar EB ríkja í íslenskri fiskveiðilögsögu kæmu ekki til greina.<sup>62</sup> Sjálfstæðisflokkur og Alþýðuflokkur voru fullkomlega samstíga í málinu í kjölfar stjórnarmyndunar. Þegar til atkvæðagreiðslunnar kom á Alþingi greiddu 23 þingmenn Sjálfstæðisflokks atkvæði með samningunum, en þrír þeirra greiddu atkvæði gegn þeim. Þeir voru Ingi Björn Albertsson, Eggert Haukdal og Eyjólfur Konráð Jónsson. Afstaða þeirra var þjóðernisleg og byggðist helst á andstöðu við viðskiptabandalög og framsal fullveldis. Jafnframt töldu þeir að samningurinn bryti í bága við stjórnarskrá.<sup>63</sup> Andstaða þeirra kom ekki að sök, þar sem ríkisstjórnarflokkarnir höfðu nægan meirihluta á þingi.

<sup>59</sup> Landsfundir Sjálfstæðisflokksins 1989 – 1999. Bls. 102.

<sup>60</sup> Sama heimild.

<sup>61</sup> *Setið fyrir svörum*. 7. apríl. 1991.

<sup>62</sup> *DV*. 6. maí. 1991. Bls. 2.

<sup>63</sup> *Áfangi á Evrópuþför*. Bls. 50. Sjá einnig bls. 164-166.

*X-B, ekki EB*

Evrópuumræðan hafði mikil áhrif á kosningabaráttuna fyrir Alþingiskosningar vorið 1991. Stjórnarflokkarnir fjórir, sem höfðu saman tekið það skref að ganga til viðræðna um EES samning ásamt EFTA ríkjunum, töluðu hver í sína áttina í Evrópumálum þegar líða tók að kosningum. Smám saman urðu skilin milli aðildar að EES og aðildar að EB óskýrari í allri umræðu. *Morgunblaðið* birti frétt þess efnis að forkólfar flestra flokka vildu þjóðaratkvæðagreiðslu, „ef samningar við Evrópubandalagið komist á það stig að spurning sé orðin um beina aðild“.<sup>64</sup> Umræðuþátturinn *Ísland í Evrópu* var lýsandi fyrir þær skiptu skoðanir sem voru meðal stjórnmalaleiðtoganna í málaflöknum. Fulltrúar Framsóknarflokks og Alþýðubandalags lýstu þar andstöðu við Evrópubandalagið og ítrekuðu þá fyrirvara sem þeir settu við EES samninginn. Alþýðuflokkur og Sjálfstæðisflokkur voru jákvæðastir í afstöðunni til EB. Ólafur Ragnar, Ingibjörg Sólrún og Júlíus Sólmes nefndu öll að tvíhliða viðræður við EB væru mögulega skárri kostur en EES viðræðurnar.<sup>65</sup> Ljóst var að Evrópubandalagið og aðild að því voru óvænt að verða að stærsta kosningamálinu.

Það hrikti í stoðum samstarfs vinstri stjórnarinnar eftir að Steingrímur Hermannsson, formaður Framsóknarflokksins, vakti máls á afstöðu flokksins í Evrópumálum á fundi á Blönduósi, snemma árs 1991. Þar áréttaði hann að með EES samningunum væri Ísland ekki að ganga í EB. „X-B, ekki EB“ sagði hann og urðu þau ummæli að kosningaslagorði framsóknarmanna.<sup>66</sup> Steingrímur gekk enn lengra á fundi á Akureyri 8. apríl, þar sem hann boðaði að kosningarnar 12 dögum seinna yrðu þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild að EB.<sup>67</sup> *Tíminn*, mál gagn Framsóknarflokksins, lýsti yfir að kosið væri „um framtíðina og kosið [væri] um afstöðuna til EB“.<sup>68</sup> Evrópumálin urðu stór þáttur í kosningaherferð framsóknarmanna, sem lýstu sig traustustu andstæðinga aðildar að Evrópubandalaginu. Ræður formannsins og varaformannsins, Halldórs Ásgrímssonar, á eldhúsdegi á Alþingi báru þess merki.<sup>69</sup> Steingrímur ræddi

<sup>64</sup> *Morgunblaðið*. 6. apríl. 1991. Bls. 27.

<sup>65</sup> *Ísland í Evrópu*. 8. þáttur.

<sup>66</sup> *Forsætisráðherrann*. Bls. 343.

<sup>67</sup> *Tíminn*. 9. apríl. 1991. Forsíða.

<sup>68</sup> *Tíminn*. 13. apríl. 1991. Bls. 20-21.

<sup>69</sup> *Tíminn*. 16. mars. 1991. Bls. 20-21.

mikið um stefnu Alþýðuflokks í málaflokknum og versnaði andinn á stjórnarheimilinu við þessa umræðu. Hann nefndi jafnvel að afstaða flokksins til Evrópubandalagsins gæti gert útslagið um stjórnarmyndun eftir kosningar: „Samstarf við núverandi samstarfsflokka hefur gengið að mörgu leyti mjög vel og ég get vel hugsað mér það áfram verði gerður nýr málefnasamningur. Efnahagsmálin og afstaðan til EB yrðu þar stærstu málin.“<sup>70</sup> Guðni Ágústsson, þingmaður Framsóknarflokks, skynjaði þetta ósætti einnig. „Þess ber og að geta að nokkur gjá hefur verið að myndast milli Framsóknar og krata í aðdraganda kosninganna. Hugsanleg aðild að Evrópusambandinu er eitt helsta umræðuefni kosningafundanna“ segir í ævisögu hans *Guðni af lífi og sál*.<sup>71</sup>

Jón Baldvin tók Akureyrarfundi Steingríms illa og spurði „Tekur forsætisráðherra sig alvarlega?“<sup>72</sup> Jón Baldvin skrifaði Steingrími opið bréf í *Tímanum* níu dögum fyrir kosningar, þar sem hann furðaði sig á yfirlýsingum forsætisráðherrans:

„Allt í einu rak mig í rogastans þegar ég hélt áfram að hlusta á ræðu þína af Akureyrarfundinum. Satt að segja trúði ég ekki mínum eigin eyrum. Allt í einu lýsir þú því yfir að alþingiskosningarnar 20. apríl verði þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild Íslands að Evrópubandalaginu. Og enn herðir þú á: þú gefur í skyn að samstarfsaðilum þínum í ríkisstjórn, mér og flokki mínum, sé ekki að treysta í þessu máli. Þar kunnir að leynast úlfur undir sauðargæru. Þú gefur með öðrum orðum í skyn að utanríkisráðherra í ríkisstjórn þinni kunnir að sitja á svikráðum við lífshagsmuni íslensku þjóðarinnar. [...] Auðvitað veist þú það manna best að kosningarnar 20. apríl eru ekki þjóðaratkvæðagreiðsla um aðild að EB. [...] Hefði þér ekki borið skylda til, sem forsætisráðherra, og mér sem utanríkisviðskiptaráðherra, að leggja það fyrir ríkisstjórn, Alþingi og þjóðina í heild með löngum fyrirvara – helst margra ára fyrirvara? Hefði okkur ekki borið skylda til að leggja fram ýtarlegar skýrslur og greinargerðir með vönduðu mati á kostum og göllum og hagsmunum Íslands?“<sup>73</sup>

Steingrímur svaraði Jóni Baldvini tveimur dögum síðar:

„Aldrei hvarflaði að mér að þér yrði svo mikið um tilvísun mína í stefnuskrá Alþýðuflokksins. [...] Þessi hugmynd [þjóðaratkvæðagreiðsla] er hins vegar ekki frá mér komin. Davíð Oddsson á hana. Að sjálfsögðu yrði ekki um

<sup>70</sup> DV. 10. apríl. 1991. Bls. 48.

<sup>71</sup> *Guðni af lífi og sál*. Bls. 258.

<sup>72</sup> *Alþýðublaðið*. 11. apríl. 1991. Bls. 3.

<sup>73</sup> *Tíminn*. 11. apríl. 1991. Bls. 5.

þjóðaratkvæðagreiðslu, í venjulegum skilningi þess orðs, að ræða. En vilja þjóðarinnar má fá fram með því að þeir kjósendur, sem geta hugsað sér aðild að Evrópubandalaginu, greiði þeim flokki eða flokkum atkvæði, sem þá stefnu hafa, en hinir, sem eru því mótfallnir, greiði þeim flokkum atkvæði, sem lýsa yfir afdráttarlausri andstöðu.<sup>74</sup>

Jón Baldvin skaut til baka. Hinn 16. apríl, fjórum dögum fyrir kosningar, skrifaði hann 11 blaðsíðna langt minnisblað undir yfirskriftinni „Hversvegna [sic] vill Framsókn framselja fiskimiðin? Hversvegna [sic] hræðslubandalag þjóðernisfarisea Framsóknar og AB getur orðið þjóðinni hættulegt.“<sup>75</sup> Minnisblaðið sendi hann frambjóðendum og fjölmiðlum og var það birt í heild sinni í *Morgunblaðinu* daginn eftir, með tilvísun á baksíðu.<sup>76</sup> Jón Baldvin sakaði Halldór Ásgrímsson, varaformann Framsóknarflokksins og sjávarútvegsráðherra vinstri stjórnarinnar, um að hafa tvisvar rætt við ráðamenn Evrópubandalagsins um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum. Annað skiptið hafi verið við Manuel Marin, sem fari með sjávarútvegs mál innan framkvæmdastjórnar EB. Í hitt skiptið hafi það verið á fundi með sjávarútvegsráðherrum nokkurra aðildarríkja EB.<sup>77</sup> Jóni Baldvini var greinilega heitt í hamsi vegna aðdróttana um að Alþýðuflokkur vildi ganga í Evrópubandalagið. „VEIST ÞÚ Að öfugt við það sem formenn hræðslubandalags Framsóknar og AB fullyrða, gegn betri vitund, segir í stefnuskrá Alþýðuflokksins að flokkurinn telji að “hag Íslands sé best borgið með þátttöku í samningaviðræðum EFTA við EB” um stofnun Evrópsks efnahagssvæðis (sem hræðslubandalagið segist reyndar styðja líka [sic]...“<sup>78</sup> Og ennfremur: „HELDURÐU það geti verið að sjálfur forsætisráðherra sé að gera grín að þér og mér og okkur öllum – þjóðinni allri? Eða er eina skynsamlega skýringin á þessari uppákomu sú, að Jóhannes eftirherma frá Ingjaldssandi hafi hlaupið í skarðið fyrir formann Framsóknarflokksins á fundinum á Akureyri sællar minningar – íklæddur gervi forsætisráðherra?“<sup>79</sup>

<sup>74</sup> *Tíminn*. 13. apríl. 1991. Bls. 2.

<sup>75</sup> „Hversvegna vill Framsókn framselja fiskimiðin?“

<sup>76</sup> *Morgunblaðið*. 17. apríl 1991. Bls. 24.

<sup>77</sup> *Morgunblaðið*. 17. apríl 1991. Baksíða.

<sup>78</sup> „Hversvegna vill Framsókn framselja fiskimiðin?“ Bls. 3.

<sup>79</sup> „Hversvegna vill Framsókn framselja fiskimiðin?“ Bls. 6.



Halldór Ásgrímsson svaraði utanríkisráðherra daginn eftir í frétt í *Tímanum* með yfirskriftinni „Hefur eitthvað komið fyrir Jón Baldvin?“<sup>80</sup> Þar sagði hann að Alþýðuflokkurinn sæi augljóslega eftir því að útiloka ekki aðild að EB í stefnuskránni sinni. „Það er ljóst að Alþýðuflokkurinn telur nú að þetta hafi verið mistök og því hefði verið eðlilegast fyrir Alþýðuflokkinn að leiðrétta það. Ég hefði tekið slíka leiðréttingu gilda.“<sup>81</sup> Hann bætti því við að hann væri ekki fylgjandi því að skiptast á veiðiheimildum við EB þar sem engar líkur væru á því að það yrði hagkvæmt. Fiskimið EB væru illa farin og þar hefði verið stunduð rányrkja. En þessar deilur Halldórs og Jóns Baldvins voru lýsandi fyrir óeininguna um Evrópumálin og tortryggni stjórnarflokkanna í hvers annars garð. Jón Baldvin sagði deilurnar vera komnar „út í stórstyrjöld“ nokkrum dögum fyrir kosningar.<sup>82</sup>

Þingflokkur Alþýðubandalagsins var einnig reikandi í afstöðu sinni til EES málsins. Ólafur Ragnar nefndi að óvíst væri hvort EES viðræðurnar mundu heppnast og nefndi tvíhliða viðræður við EB sem mögulega lausn á málinu.<sup>83</sup> Hann sagðist einnig vera fylgjandi þjóðaratkvæðagreiðslu um EES samninginn þegar hann lægi fyrir.<sup>84</sup> Jón Baldvin var mjög meðvitaður um að skiptar skoðanir voru uppi innan ríkisstjórnarinnar um Evrópumálin, en hann virtist engu að síður vongóður um að sátt yrði um EES samningana meðal stjórnarflokkanna. „Það er athyglisvert að svo stór skref í átt til aukins frjálsræðis í viðskiptaháttum skuli tekin á stjórnartímabili svokallaðrar vinstri stjórnar“ sagði hann í *Alþýðublaðinu*, um mánuði fyrir kosningar. „Auðvitað er römm andstaða gegn þessu máli meðal sumra ráðherra Alþýðubandalagsins og í þingflokki þess, svo ég tali nú ekki um Kvennalistann. Framsókn situr svolítið á girðingunni og slær nokkuð úr og í. Þetta verk hefði því áreiðanlega ekki unnist ef ekki hefði verið fyrir frumkvæði og verkstjórn okkar jafnaðarmanna.“<sup>85</sup> Jón Baldvin segir að Framsókn hefði ekki getað kvartað yfir skorti á upplýsingaflæði milli flokkanna um EES málið, þar sem margir fundir hefðu verið

<sup>80</sup> *Tíminn*. 18. apríl. 1991. Bls. 3.

<sup>81</sup> Sama heimild.

<sup>82</sup> Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson.

<sup>83</sup> Ísland í Evrópu. 8. þáttur.

<sup>84</sup> *Þjóðviljinn*. 13. apríl. 1991. Forsíða.

<sup>85</sup> *Alþýðublaðið*. 19. mars. 1991. Bls. 7.

haldnir um málið, stundum að viðstöddum aðalsamningamanni Íslands í EES samningnum, Hannesi Hafstein sendiherra.<sup>86</sup>

Eftir kosningar sá Steingrímur Hermannsson strax að Framsóknarflokkurinn hefði teft vinstri stjórninni í óþarfa tvísýnu með áherslum sínum á EB andstöðu í aðdraganda kosninga. Þar væri kominn upp persónulegur ágreiningur milli forystu Framsóknar og Alþýðuflokks sem erfitt yrði að leiðrétta. Í viðtali við *DV* daginn eftir kosningar sagðist Steingrímur telja að ef til vill hefði umræðan um Evrópubandalagið skaðað flokkinn nokkuð. Of mikið hefði verið gert úr Akureyrarræðunni og ýmiss misskilningur hefði sprottið upp úr því.<sup>87</sup> Steingrímur ræðir þetta í ævisögu sinni:

„Evrópuumræðan dró hins vegar úr líkum þess að stjórnarsamstarfið héldist óbreytt áfram. Í því ljósi má segja að það hafi verið mistök af minni hálfu að setja andstöðu við Evrópubandalagið á oddinn. Tortrygginn innan Framsóknarflokksins gerði það hins vegar óhjákvæmilegt.“<sup>88</sup>

### *Álmálið*

Helsta kappsmál Jóns Sigurðssonar í stóli viðskipta- og iðnaðarráðherra var að sjá til þess að komið yrði á fót álbræðslu á Keilisnesi. Viðræður um 210 þúsund tonna álver höfðu staðið lengi yfir og vildi Jón helst ná að ganga frá málinu fyrir kosningar. Hinn 13. mars 1990 undirritaði hann viljayfirlýsingu ásamt Atlantsálshópnum um byggingu álversins.<sup>89</sup> Hópurinn samanstóð af þremur erlendum fyrirtækjum, Alumax, Gränges og Hoogovens Aluminium, sem vildu eiga hluti í fyrirhuguðu álveri.<sup>90</sup> Mánuði síðar lagði Jón fram frumvarp um þær virkjanir sem þyrfti að ráðast í svo af byggingu álversins yrði.<sup>91</sup> Ráðherrann var mikið í fjölmiðlum vegna málsins, fullmikið að mati forsætisráðherra, sem taldi hann reka málið á síðum blaðanna.<sup>92</sup>

<sup>86</sup> Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson.

<sup>87</sup> *DV*. 22. apríl. 1991. Bls. 2.

<sup>88</sup> *Forsætisráðherrann*. Bls. 345.

<sup>89</sup> *Morgunblaðið*. 14. mars. 1990. Bls. 22.

<sup>90</sup> *Morgunblaðið*. 14. mars. 1990. Bls. 22-23.

<sup>91</sup> *Morgunblaðið*. 18. apríl. 1991. Bls. 33.

<sup>92</sup> *Forsætisráðherrann*. Bls. 308.

Samdóma álit samstarfsmanna Jóns var að hann væri iðinn maður og vandvirkur. Hann hefði alltaf hugann við viðfangsefni sín og væri mjög fastur fyrir hvað þau varðaði.<sup>93</sup> Sumir framsóknarmenn sögðu að þeir hefðu aldrei kynnst meiri frjálshyggjumanni en honum.<sup>94</sup> „Álmálið“ eins og það var oftast kallað í fjölmiðlum, reyndi á samstöðu ríkisstjórnarinnar. Þingmenn Alþýðuflokks studdu flokksbróður sinn í undirbúningnum og framsóknarmenn að mestu líka. Alþýðubandalagsmenn voru hins vegar lítið hrifnir af uppbyggingu stóriðju. Þar bar mest á Hjörleifi Guttormssyni, sem gerði sitt besta til að tefja málið í þingsölum, enda mikill umhverfisverndarsinni.<sup>95</sup> Hjörleifur hlýddi lítt flokksaganum í ýmsum stórum málum, sem vakti upp efasemdir þingmanna hinna flokkanna um að honum væri treystandi. Steingrímur Hermannsson leit svo á að Ólafur Ragnar, formaður Alþýðubandalagsins, væri eini stuðningsmaður álversins innan þess flokks.<sup>96</sup> Hjörleifur lýsti afstöðu Alþýðubandalagsins til stóriðju svo á Alþingi: „Alþýðubandalagið hefur ætíð talið að orkufrekur iðnaður komi fyllilega til greina sem þáttur í atvinnulífi í landinu, enda eigi íslenskir aðilar öll orkuver að fullu og meiri hluta í orkufrekum iðnfyrirtækjum. Flokkurinn hefur hins vegar ítrekað lýst eindreginni andstöðu við uppbyggingu orkufreks iðnaðar í höndum útlendinga og talið algera forsendu að íslenska ríkið eigi meiri hluta í stóriðjufyrirtækjum.“<sup>97</sup> Afstaða alþýðubandalagsmanna réðst því að miklu leyti af þjóðernishyggju og andstöðu við erlend ítök í íslensku atvinnulífi. Umhverfismál vógu þó einnig þungt, sem og vantraust á að Jón Sigurðsson hefði tök á málinu. Framsóknarmenn studdu álverið, en voru hins vegar óánægðir með fyrirhugaða staðsetningu þess á Keilisnesi. Þeir töldu að landsbyggðarsjónarmið ættu að ráða. Páll Pétursson, þingmaður Framsóknarflokks, kallaði staðsetninguna „kjaftshögg á landsbyggðina“.<sup>98</sup>

Lok álmálsins drógust á langinn af ýmsum ástæðum. *Morgunblaðið* bjóst við að til tíðinda drægi í málinu fljótlega eftir kosningar, en þangað til væri það í biðstöðu.<sup>99</sup> Jón

<sup>93</sup> *Forsætisráðherrann*. Bls. 306. Sjá einnig viðtöl við Jón Baldvin Hannibalsson og Ólaf G. Einarsson.

<sup>94</sup> *Forsætisráðherrann*. Bls. 267.

<sup>95</sup> *Morgunblaðið*. 19. mars. 1991. Bls. 2.

<sup>96</sup> *Forsætisráðherrann*. Bls. 347.

<sup>97</sup> *Alþingistíðindi 1989-90. B*. Bls. 7047.

<sup>98</sup> *Forsætisráðherrann*. Bls. 308.

<sup>99</sup> *Morgunblaðið*. 18. apríl. 1991. Bls. 33.

Sigurðsson sakaði stjórn Landsvirkjunar, og innan hennar Davíð Oddsson, um að tefja fyrir framgöngu málsins, með því að fresta orkuöflun í þágu álvers. Jóni fannst stjórn Landsvirkjunar heldur neikvæð í garð byggingar álvers.<sup>100</sup> Davíð sagði á móti að Jón hefði sjálfur tafið málið „með óskiljanlegum undirskriftum“ og óraunhæfum tímasetningum.<sup>101</sup> Ólafur Ragnar vildi meina að Jón væri búinn að klúðra málinu og kallaði álmálið „dýrustu kosningaauglýsingu allra tíma“.<sup>102</sup> Hann sagði það fyrirslátt hjá Jóni að Persaflóastríðið hefði orðið til þess að tefja framgöngu málsins. Hart var deilt á Jón úr röðum Alþýðubandalagsins fyrir að hafa staðið illa að málinu. Svavar Gestsson menntamálaráðherra segir að þetta hafi verið skýjaborgir hjá Jóni Sigurðssyni.<sup>103</sup> Framsóknarmenn sáu sér leik á borði. „A-flokkarnir hafa alla tíð barist eins og hundur og köttur, þannig að þessi orðaskipti ráðherranna þurfa ekki að koma neinum á óvart. Það er best að leyfa þeim að slást, en það er hins vegar annað mál að þeir vinna álmálinu ekkert gagn með þessari framkomu“ sagði Steingrímur Hermannsson í *Tímanum*.<sup>104</sup> Steingrímur var þó sjálfur ekki þögull áhorfandi að þessum slag. Á miðstjórnarfundi Framsóknarflokksins í mars gagnrýndi hann framgöngu Jóns Sigurðssonar. Steingrímur sagði að „[i]ðnaðarráðherra hefði kosið að halda málinu út af fyrir sig og leggja áherslu á undirskriftir undir minnisblöð sem enga merkingu hefðu.“ Hann bætti því við að Jón væri „duglegur maður, en í svona stóru máli yrði að sýna lipurð.“<sup>105</sup>

Kvennalistinn var einnig andvígur álverinu og veitti því harða andspyrnu. Áhyggjur af mengun af völdum álvers voru helsta ástæða þeirrar afstöðu.<sup>106</sup> Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, oddviti flokksins í Reykjavík, leit svo á eftir kosningar að ástæða fylgistaps flokksins hefði verið afstaðan til álmálsins. „Það hefur komið skýrt fram að við erum á móti álveri en við settum það aldrei sem skilyrði í kosningabaráttunni,“<sup>107</sup> sagði Ingibjörg eftir að Kvennalistinn hafði boðist til að ganga inn í vinstri stjórnina eftir kosningar. Hún leit svo á að fylgistap flokksins í Reykjavík og Reykjanesi mætti líklega

<sup>100</sup> Viðtal við Jón Sigurðsson. Tekið 16. ágúst. 2008.

<sup>101</sup> *Morgunblaðið*. 5. apríl. 1991. Bls. 23.

<sup>102</sup> *Morgunblaðið*. 5. apríl. 1991. Bls. 2.

<sup>103</sup> Tölvupóstur frá Svavari Gestsyni, 17. september 2008.

<sup>104</sup> *Tíminn*. 6. apríl. 1991. Baksíða.

<sup>105</sup> *Tíminn*. 19. mars. 1991. Bls. 8.

<sup>106</sup> *Morgunblaðið*. 18. apríl. 1991. Bls. 33.

<sup>107</sup> *Tíminn*. 23. apríl. 1991. Bls. 3.

rekja til stefnu flokksins í stóriðjumálum. Allir hinir stóru flokkarnir voru samkvæmt stefnuskrám fylgjandi byggingu álversins.<sup>108</sup> Þess vegna taldi Ingibjörg að Kvinnalistinn gæti ekki lagt áherslu á andstöðu við álverið, kæmist flokkurinn í ríkisstjórn. „Meiri hluti þjóðarinnar hefur kosið álver og það þýðir ekkert fyrir okkur að lemja höfðinu við steininn og láta álmálið útiloka okkur frá öðrum áhrifum“<sup>109</sup> sagði Ingibjörg í viðtali við *DV* eftir kosningar.

Að lokum fór það svo, reyndar ekki fyrr en eftir kosningar, að álmálið leið undir lok. Aðstæður á alþjóðavettvangi og verðfall á áli á heimsmarkaði gerðu það ekki lengur fýsilegt fyrir viðsemjendur Íslendinga að reisa álverið héraðs og því varð ekkert úr áformum Jóns Sigurðssonar um að reisa álbræðslu í Keilisnesi.<sup>110</sup> Deilurnar um málið urðu hins vegar til þess að sundrung innan ríkisstjórnarinnar jókst enn frekar.

Alþýðuflokksmönnum, og þá sérstaklega Jóni Sigurðssyni, varð ljóst að álmálið næði ekki fram að ganga í óbreyttri vinstri stjórn með Alþýðubandalaginu. Jón gat varla rætt málið við ráðherra Alþýðubandalagsins, segir Steingrímur Hermannsson í ævisögu sinni. Steingrímur J. Sigfússon og Svavar Gestsson „þvældust fyrir álsamningunum“.<sup>111</sup>

Forsætisráðherrann taldi sig þurfa að skipa ráðherranefnd um málið, þar sem ósætti stjórnarflokkanna um það var orðið svo mikið. Hann óttaðist að Alþýðubandalagið mundi hafna málinu innan stjórnarinnar.<sup>112</sup> Steingrímur var viss um að álmálið hefði aldrei náð fram að ganga í þriggja flokka vinstri stjórn Alþýðubandalags, Alþýðuflokks og Framsóknarflokks, eða í fjögurra flokka stjórn að viðbættum Kvinnalista.<sup>113</sup> Svavar Gestsson telur hins vegar að málið hefði hvort sem er aldrei náð fram að ganga, en segir þó rétt að hvesst hafi á milli Ólafs Ragnars og Jóns Sigurðssonar í málinu.<sup>114</sup> Álmálið varð eitt af þeim deilumálum ríkisstjórnarflokkanna sem reyndi á persónuleg samskipti ráðherranna og stjórnarþingmanna. Þau samskipti urðu verri og erfiðari eftir því sem leið á stjórnarsamstarfið og kosningabaráttuna.

<sup>108</sup> *Morgunblaðið*. 18. apríl. 1991. Bls. 33.

<sup>109</sup> *DV*. 22. apríl. 1991. Baksíða.

<sup>110</sup> *Ísland á 20. öld*. Bls. 502. Sjá einnig *Forsætisráðherrann*. Bls. 309.

<sup>111</sup> *Forsætisráðherrann*. Bls. 307.

<sup>112</sup> Sama heimild.

<sup>113</sup> *Forsætisráðherrann*. Bls. 347.

<sup>114</sup> Tölvupóstur frá Svavari Gestssyni.

### *Scættir viðreisnarflokkanna*

„Þegar Jón Baldvin var spurður hvort ekki væri kominn mikill viðreisnartónn í krata brosti hann og sagði: „Við höfum ævinlega hlýjar minningar um Viðreisn, enda var það afbragðsstjórn.““<sup>115</sup> Þessi tilvitnun, sem mátti lesa í *Morgunblaðinu* örfáum dögum eftir Alþingiskosningarnar, var lýsandi fyrir þá jákvæðu afstöðu sem alþýðuflokksmenn höfðu til viðreisnarstjórnarinnar 1959 til 1971. Flokkurinn hafði skömmu fyrir kosningar gefið út sérstakt afmælisblað sem fylgdi með *Alþýðublaðinu* í tilefni þess að 75 ár voru liðin frá stofnun flokksins. Á forsíðu afmælisblaðsins mátti sjá fyrirsögnina „Viðreisnin skapaði nýtt og heilbrigt andrúmsloft“<sup>116</sup>, tilvísun í grein sem Dr. Gylfi Þ. Gíslason, mennta- og viðskipamálaráðherra í viðreisnarstjórninni og fyrrverandi formaður Alþýðuflokksins, ritaði í blaðinu. Sumir voru þegar farnir að spá fyrir um myndun viðreisnarstjórnar fyrir kosningar. Ólafur Ragnar Grímsson nefndi það í *DV*, aðspurður um hvort hann væri fylgjandi einkavæðingu Búnaðarbanka:

„Mér finnst það alrangt. Jón Sigurðsson iðnaðarráðherra hefur verið að gera hosur sínar grænar fyrir Sjálfstæðisflokknum með tali um þetta. Það er greinilegt að hann ætlar í stjórn með Sjálfstæðisflokknum eftir kosningar.“<sup>117</sup>

Haustið 1990 boðaði Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands og áhrifamaður innan Sjálfstæðisflokksins, Þorstein Pálsson og Jón Baldvin Hannibalsson til fundar á skrifstofu sinni í Húsi verslunarinnar við Kringluna. Hann taldi, að eigin sögn, slæmt að milli þessara tveggja stjórnsmálaflókka, Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks, væri ekki talsamband vegna ósættis formanna þeirra.<sup>118</sup> Þorsteinn og Jón Baldvin höfðu ekki átt góð samskipti eftir misheppnaða ríkisstjórn þeirra 1987 til 1988, sem sprakk vegna deilna þeirra um skattamál, eins og áður sagði. Vilhjálmur hafði lýst yfir áhyggjum af þessu andrúmslofti við báða formennina. Jóni hafði mislíkað hegðun Þorsteins í stjórnarandstöðu í mörgum málum, meðal annars þegar stjórnarandstaðan bar upp vantrauststillögu á ríkisstjórnina. Jón Baldvin kallaði þetta „svartan [dag] í sögu

<sup>115</sup> *Morgunblaðið*. 24. apríl. 1991. Bls. 25.

<sup>116</sup> *Alþýðublaðið*. 12. mars. 1991. Forsíða fylgiritis.

<sup>117</sup> *DV*. 11. apríl. 1991. Bls. 19.

<sup>118</sup> Viðtal við Vilhjálmu Egilsson. Tekið 16. júlí. 2008.

Sjálfstæðisflokksins ...<sup>119</sup> Honum þótti Sjálfstæðisflokkurinn kunna illa við sig í stjórnarandstöðu og sérstaklega fannst honum stefna flokksins um tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið vera illa ígrunduð og einungis sett fram til að velgja stjórnarflokkunum undir uggum. Það versta var þó að persónuleg tengsl þeirra Þorsteins voru í molum og Jón Baldvin taldi sig ekki geta starfað með Þorsteini eftir „rýtingsstunguna í bakið ...“<sup>120</sup>

Vilhjálmur leit á fundinn sem leið til að hreinsa loftið milli formannanna tveggja svo að samstarf flokkanna í einstaka málum eða í ríkisstjórn yrði ekki ómögulegt í framtíðinni. Fundurinn stóð yfir frá morgni fram á eftirmiðdag, að sögn Vilhjálms, og ræddu Jón Baldvin og Þorsteinn öll möguleg mál. Eitt helsta málið til umræðu var afstaða Sjálfstæðisflokksins til EES samningsins. Þorsteinn vildi ekki, eins og hefur komið fram, að vinstri stjórnin gæti setið áfram í innbyrðis ágreiningi um afstöðuna til þessa stóra máls. Lýsti hann því yfir að Sjálfstæðisflokkurinn gæti stutt málið, en einungis í ríkisstjórn.<sup>121</sup> Sjálfstæðismenn voru enda í grundvallaratriðum samþykkir hugmyndum um Evrópskt efnahagssvæði og fjórfrelsið. Þingmenn flokksins voru hins vegar ekki tilbúnir að koma til bjargar ef vinstri flokkarnir næðu ekki samstöðu um að koma samningnum farsællega gegnum Alþingi.

Fundurinn fór að sjálfsögðu leynt, þar sem almenn vitneskja um þessar sáttumleitanir hefði getað teflt stjórnarsamstarfi vinstri stjórnarinnar í tvísýnu og sett Jón Baldvin og Alþýðuflokkinn í óþægilega stöðu. Vilhjálmur og Þorsteinn segja að fundurinn hafi ekki verið tilraun til að ná Alþýðuflokknum út úr vinstri stjórninni og í samstarf við Sjálfstæðisflokkinn. Jón Baldvin tekur undir að það hafi ekki komið til greina svo stuttu fyrir kosningar. Úr varð hins vegar að þeir ákváðu að hittast aftur. Vilhjálmur og Þorsteinn segja að tveir aðrir fundir hafi átt sér stað, annar í bakherbergi á Hótel Óðinsvéum, en hinn að heimili Stefáns Friðfinnssonar, aðstoðarmanns Jóns Baldvins í utanríkisráðuneytinu. Jón Baldvin segist ekki muna eftir þessum fundum sérstaklega, en hafi þeir átt sér stað, þá hafi þeir verið mjög óformlegir.<sup>122</sup>

<sup>119</sup> *Alþýðublaðið*. 2. desember 1989. Bls. 7.

<sup>120</sup> Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson.

<sup>121</sup> Viðtal við Þorstein Pálsson.

<sup>122</sup> Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson.

Heimildarmönnum ber ekki saman um hversu margir þessir „leynifundir“ voru eða nákvæmlega hvenær þeir fóru fram. Misjafnt var hvort allir hlutaðeigandi voru viðstaddir fundina eða aðeins sumir þeirra. Jón Sigurðsson iðnaðar- og viðskiptaráðherra, sem stóð í ströngu í álmálinu, benti á stjórn Landsvirkjunar og Davíð Oddsson sem sökudólga varðandi það hversu seinlega gengi að festa niður orkusamning vegna nýs álvers á Keilisnesi. Til að ná sátt við Davíð um málið gengu Jón og nafni hans Jón Baldvin á hans fund í húsakynnum Landsvirkjunar.<sup>123</sup> Þetta var að sögn Jóns Sigurðssonar í nóvember eða desember 1990 og fundurinn var að frumkvæði hans. Jón Baldvin segir þetta hafa verið eftir að þeir Þorsteinn hittust í Húsi verslunarinnar.<sup>124</sup> Ekki þótti þeim málið útrætt í Landsvirkjun, þannig að koma þurfti á framhaldsfundi. Sá var haldinn í húsi Landsbankans við Laugaveg eftir áramót og var Þorsteinn einnig viðstaddur þann fund.<sup>125</sup> Enn var álmálið til umræðu. Þorsteinn segir þó að á fundunum hafi margt fleira verið rætt, til að mynda EES samningurinn og snert hafi verið á einkavæðingu bankanna. Landbúnaðar- og sjávarútvegsmál hafi þó ekki komið til tals.<sup>126</sup>

Þriðji fundurinn um álmálið var haldinn í Höfða<sup>127</sup> í boði Davíðs sem borgarstjóra. Fundurinn var hádegisverðarfundur og á hann komu Jón Baldvin, Jón Sigurðsson og Þorsteinn Pálsson. Ætlunin var að útkljá álmálið milli þessara tveggja flokka og töldu alþýðuflokksmenn að það hefði tekist, þó að málið ætti reyndar eftir að blossa upp aftur í kosningabaráttunni skömmu fyrir kosningar. Þorsteinn vék tiltölulega snemma af fundinum, að sögn Jóns Baldvins. Jón Sigurðsson fór einnig, en Davíð og Jón Baldvin sátu áfram einir. „Þetta er í raun í fyrsta sinn sem við kynnumst, við Davíð Oddsson,“ segir Jón Baldvin um samtal þeirra tveggja. Í þessu samtali ræddu þeir fjölda mála, meðal annars EES samningana. Jón Baldvin segist hafa skammað sjálfstæðismenn fyrir tvíhliða stefnu flokksins í Evrópumálunum. Þeir hafi verið að koma þeim skilaboðum til Alþýðuflokks að þeir mundu ekki styðja málið úr stjórnarandstöðu.<sup>128</sup> Þorsteinn Pálsson

<sup>123</sup> Viðtal við Jón Sigurðsson.

<sup>124</sup> Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson.

<sup>125</sup> „Evrópustefna íslenskra stjórnvalda. Stefnumótun, átök og afleiðingar.“ Bls. 81.

<sup>126</sup> Viðtal við Þorstein Pálsson.

<sup>127</sup> „Evrópustefna íslenskra stjórnvalda. Stefnumótun, átök og afleiðingar.“ Bls. 81.

<sup>128</sup> Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson.



staðfestir að stefna Sjálfstæðisflokks í Evrópumálum hafi verið strategísk og kallar hana lykilatriði í þeirri viðleitni flokksins að komast aftur í ríkisstjórn.<sup>129</sup>

Jón Baldvin hafði fylgst með afstöðu Davíðs Oddssonar í aldamótanefnd Sjálfstæðisflokksins og gekk út frá því sem gefnu að þetta væri sannfæring Davíðs. Þarna væri hann að fara semja við mann sem væri Evrópusinni og frjálslyndur fulltrúi nýrrar kynslóðar.<sup>130</sup> Þetta hafði hann í huga í kosningabaráttunni, sérstaklega þegar Framsóknarflokkurinn fór að boða „X-B, ekki EB“ slagorðið sitt.

Þorsteinn Pálsson leit svo á eftir þessi fundarhöld að stjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks yrði nokkuð örugg niðurstaða eftir kosningar. Hann reiknaði jafnvel með að þessir flokkar mynduðu stjórn þó að vinstri stjórnin héldi velli.<sup>131</sup> Hvorki Jón Baldvin né Jón Sigurðsson líta svo á að stjórnarsamstarfið hafi verið ákveðið fyrir kosningar.<sup>132</sup> Þó er ljóst að án þessara „leynifunda“ hefði ekki að óbreyttu náðst sátt milli þessara flokka að stjórna saman, sér í lagi í ljósi tvíhliða stefnu Sjálfstæðisflokks í samskiptum um Evrópumálið og opinberra deilna Jóns Sigurðssonar og Davíðs Oddssonar um framvindu álmálsins. Sérstaklega var ólíklegt að Jón Baldvin og Þorsteinn gætu orðið samstarfsmenn við stjórnarmyndun vegna fyrri deilna milli þeirra. Jón Baldvin vill ekki einu sinni líta svo á að fundirnir hafi verið „leynifundir“. Þeir hafi farið fram í opinberum byggingum og þar hafi kjörnir fulltrúar verið að ræða opinber mál. Það sé fráleitt að þar hafi farið fram stjórnarmyndunarviðræður. Greinilegt er þó að enginn þeirra sem fundina sátu vildi að innihald þeirra spyrðist út.

Stjórnarandstaðan fór mikinn bæði á Alþingi og á síðum blaðanna eftir að ríkisstjórnin var mynduð.<sup>133</sup> Voru margir þingmenn vissir um að stjórnarsamstarfið hefði verið ákveðið vikum eða mánuðum fyrir kosningar. Bentu þeir á að óvenju auðveldlega hefði gengið saman með stjórnarflokkunum sem hefðu aðeins þurft fjóra daga til stjórnarmyndunarviðræðna. Steingrímur Hermannsson hélt blaðamannafund tæpri viku eftir kosningar og upplýsti gesti um að hann hefði vitað um vilja alþýðuflokksmanna til að mynda nýja viðreisnarstjórn síðustu tvo mánuði:

<sup>129</sup> Viðtal við Þorstein Pálsson.

<sup>130</sup> Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson.

<sup>131</sup> Viðtal við Þorstein Pálsson.

<sup>132</sup> Viðtal við Jón Sigurðsson.

<sup>133</sup> *Alþingistíðindi 1991. A-B*. Bls. 254.

„Ég hef óttast það í tvo mánuði að hér yrði mynduð Viðreisn á ný. Ég óttaðist það, jafnvel þótt við næðum meirihluta, sem ég bjóst ekki við, að innan Alþýðuflokksins væru það áhrifamikil öfl, sem ekkert vildu annað en stjórnarsamstarf við Sjálfstæðisflokkinn. Jón Baldvin sagði mér þetta sjálfur fyrir hálfum öðrum eða tveimur mánuðum síðan, svo ekkert kemur mér á óvart í þessum efnum ...“<sup>134</sup>

Steingrímur sagði að sig grunaði að stjórnarsáttmálinn hefði verið tilbúinn fyrir nokkru. „Það eru duglegir menn í [Alþýðuflokki]“<sup>135</sup> bætti hann við. Hann nefndi Jón Sigurðsson sem talsmann þess innan Alþýðuflokksins að viðreisnarstjórn yrði mynduð og sagði að Jón hefði aldrei farið leynt með „hægritilhneigingar“<sup>136</sup> sínar. Jón staðfestir að hann hafi talað fyrir því innan flokksins fyrir kosningar að mynda stjórn með Sjálfstæðisflokki vegna nokkurra mála.<sup>137</sup> Hann hafi talið að auðveldara yrði að ná í gegn álmálinu, EES samningnum og einkavæðingu ríkisfyrirtækja í stjórn með Sjálfstæðisflokki en vinstri flokkunum.

Í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra á Alþingi á vorþingi fjölluðu stjórnarandstæðingar um ástæður þess að Alþýðuflokkur yfírgaf vinstri stjórnina fyrir Sjálfstæðisflokkinn. „Nei, sannleikurinn er sá að núverandi stjórnarmunstur var undirbúið fyrir kosningar ...“ sagði Guðmundur Bjarnason, þingmaður Framsóknarflokks. „[Nýir þingmenn Alþýðuflokks] vissu ekki að búið var að leggja drög að samstarfi við Sjálfstæðisflokk fyrir kosningar, þar sem arkitektinn var Jón Sigurðsson, hæstvirtur iðnaðar- og viðskiptaráðherra.“<sup>138</sup> Halldór Ásgrímsson tók í sama streng. „Það var alveg ljóst að ákvörðun þess efnis var löngu tekin og aðeins formsatriðin eftir að kosningum loknum“<sup>139</sup> sagði hann í svari við stefnuræðu forsætisráðherra. Guðni Ágústsson, þingmaður Framsóknarflokks, ræddi um málið í ævisögu sinni. „Það sýnist mörgum svo sem Davíð hafi verið búinn að koma ár sinni vel fyrir borð með Jóni Baldvini og Jóni Sigurðssyni áður en hann var kosinn formaður í flokknum sínum. Þetta eru pólitískar

<sup>134</sup> *Morgunblaðið*. 27. apríl. 1991. Bls. 26.

<sup>135</sup> *DV*. 27. apríl. 1991. Bls. 2.

<sup>136</sup> Sama heimild.

<sup>137</sup> Viðtal við Jón Sigurðsson.

<sup>138</sup> *Alþingistíðindi 1991. A-B*. Bls. 258.

<sup>139</sup> *Alþingistíðindi 1991. A-B*. Bls. 280.

vangaveltur en þær heyrast ekki síst úr ranni sjálfstæðismanna sjálfra á göngum alþingis á fyrstu dögum nýrrar Viðeyjarstjórnar við völd.“<sup>140</sup>

Grunur stjórnarandstæðinga var ekki ástæðulaus. Sjálfstæðismenn höfðu vissulega lagt hart að sér við að endurheimta traust alþýðuflokksmanna og ná samstöðu með þeim í stærstu málunum. Forystumenn flokkanna tveggja höfðu þó ekki bundist neinum fastmælum um myndun ríkisstjórnar að loknum kosningum.

---

<sup>140</sup> *Guðni af lífi og sál*. Bls. 260.

## Viðreisnarsamstarf í Viðey

### *Viðreisn eða vinstri stjórn?*

Samþykkt hafði verið stjórnarskrárbreyting undir lok þings vorið 1991 þess efnis að Alþingi starfaði í einni málstofu í stað neðri deildar og efri deildar. Breytinguna þurfti nýtt þing að samþykkja að afstöðnum kosningum til þess að hún gæti tekið gildi. Kosningar til Alþingis fóru svo fram 20. apríl og var ríkisstjórninni spáð falli í síðustu skoðanakönnunum.<sup>141</sup> Niðurstaðan varð önnur. Þrír stjórnarflokkanna, Alþýðubandalag, Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur, hlutu 32 þingmenn, nóg til að verja ríkisstjórnina falli á sameinuðu þingi með eins manns meirihluta. Ráðherrar Borgaraflokksins og stuðningsmenn þeirra buðu fram undir merkjum Frjálslyndra, en hlutu aðeins 1,2 prósent atkvæða og þurrkuðust út af þingi. Alþýðubandalag fékk 14,4 prósent atkvæða, eða níu þingmenn, einum fleiri en fjórum árum áður. Framsóknarflokkur hlaut 18,9 prósent, það sama og fjórum árum áður og hélt sínum 13 þingmönnum. Alþýðuflokkur fékk 15,5 prósent atkvæða, svipað og fjórum árum áður, og aftur 10 þingmenn.<sup>142</sup> Kvennalisti tapaði einum þingmanni, hlaut fimm og 8,3 prósent atkvæða. En það var Sjálfstæðisflokkur sem var hinn stóri sigurvegari kosninganna. Flokkurinn hlaut 38,6 prósent atkvæða og 26 þingmenn. Þannig endurheimtu sjálfstæðismenn fylgi sitt frá kosningunum 1983 og fengu einum þingmanni fleiri en þeir og Borgaraflokkur höfðu fengið samanlagt í kosningunum 1987. Fjöldi smáflokka bauð fram í kosningunum, Þjóðarflokkur – Flokkur mannsins, Heimastjórnarsamtök, Grænt framboð, Öfgasinnaðir jafnaðarmenn og Verkamannaflokkur Íslands. Enginn þeirra fékk þingmann kjörinn.

Ljóst varð að ríkisstjórnin hefði nauman meirihluta til að halda áfram án Borgaraflokksmanna. Alþýðubandalagsmenn og framsóknarmenn hvöttu til þess að látið yrði reyna á áframhaldandi samstarf félagshyggjuflokkanna. Svavar Gestsson segir að aldrei hafi annað hvarflað að honum fyrir kosningar en að vinstri stjórnin héldi áfram, fengi hún til þess nægan þingstyrk.<sup>143</sup> Margrét Frímansdóttir, þingmaður Alþýðubandalags, taldi sama stjórnarsamstarf skásta kostinn. „Það er alveg ljóst að fólkið

<sup>141</sup> *Forsætisráðherrann*. Bls. 345.

<sup>142</sup> *Ísland á 20. öld*. Bls. 539.

<sup>143</sup> Tölvupóstur frá Svavari Gestssyni, 17. september 2008.

í landinu vill að reynt verði að halda áfram fyrra stjórnarsamstarfi með þeirri breytingu þó, að Kvinnalisti komi í stað Borgaraflokks...<sup>144</sup> sagði Margrét. Formaður flokksins, Ólafur Ragnar, vildi sömu ríkisstjórn áfram og var honum mikið í mun að sannfæra samstarfsmenn sína og lesendur blaðanna um þá afstöðu.

„Það stóra gerist svo, að þessir þrír flokkar fá meirihluta í þinginu. Þrátt fyrir dramatísk formannsskipti í Sjálfstæðisflokknum fær hann verri útkomu nú en í 13 kosningum í sögu sinni. Þess vegna tel ég úrslitin tvímælalaust boða það, að þjóðin vilji að þessir þrír flokkar haldi áfram sínu farsæla verki. Til þess höfum við nægan þingstyrk, og til þess höfum við kjósendur sem eru um 5.000 fleiri en kjósendur Sjálfstæðisflokks og Kvinnalista ...“<sup>145</sup>

Steingrímur forsætisráðherra vildi einnig ræða áframhaldandi stjórnarsamstarf og baðst því ekki lausnar fyrir sig strax eftir kosningar.<sup>146</sup> „Ég lít á úrslit kosninganna sem öruggan stuðning við ríkisstjórnina. Með því að veita ríkisstjórnarflokkunum þennan stuðning eru kjósendur að hvetja þá til að halda áfram samstarfi,“<sup>147</sup> sagði hann. Alþýðuflokksmenn voru ekki eins bjartsýnir á að vinstri stjórnin héldi áfram störfum. Jón Baldvin taldi ríkisstjórnina ekki starfhæfa, þar sem að hún hafði ekki meirihluta í báðum deildum þingsins. Auk þess taldi hann ágreining hvað varðaði stóriðju og Evrópska efnahagssvæðið erfiðan úrlausnar.<sup>148</sup> Alþýðuflokkurinn stóð í raun með pálmann í höndunum að afstöðunum kosningum. Ólíklegt var að Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur gætu starfað saman eftir vinslitin 1988. Stjórn Alþýðubandalags og Sjálfstæðisflokks var alltaf langsóttur möguleiki. Í fyrsta sinn í meira en áratug var þingmeirihluti fyrir viðreisnarstjórn.<sup>149</sup> Alþýðuflokknum gafst einnig kostur á að gera miklar kröfur í viðræðum við Sjálfstæðisflokk, bæði hvað varðaði málefni og ráðherrastóla. Davíð Oddsson þurfti nauðsynlega að komast í ríkisstjórn til að réttlæta erfið formannsskipti í flokknum og sitja ekki eftir í stjórnarandstöðu með sárt ennið, nýstigin upp úr borgarstjórastól.

<sup>144</sup> *Þjóðviljinn*. 23. apríl. 1991. Bls. 3.

<sup>145</sup> *Morgunblaðið*. 23. apríl. 1991. Bls. 30.

<sup>146</sup> *Morgunblaðið*. 23. apríl. 1991. Bls. 34.

<sup>147</sup> *Tíminn*. 23. apríl. 1991. Bls. 5.

<sup>148</sup> *Alþýðublaðið*. 23. apríl. 1991. Forsíða.

<sup>149</sup> *Forsætisráðherrann*. Bls. 346.

Alþýðubandalagið las rétt í stöðuna. Strax á kosninganótt ræddu alþýðubandalagsmenn um hvort bjóða ætti Jóni Baldvini forsætisráðherrastólinn í nýrri þriggja eða fjögurra flokka félagshyggjustjórn.<sup>150</sup> Svavar Gestsson átti þá uppástungu.<sup>151</sup> Snemma á þriðjudagsmorgni, þremur dögum eftir kosningar, ræddi Ólafur Ragnar við Jón Baldvin og nefndi þessa hugmynd við hann og fullyrti að þingflokkur Alþýðubandalags gæti stutt hann til forsætisráðherra.<sup>152</sup> Steingrímur Hermannsson segir að þessi hugmynd hafi verið sett fram án síns samþykkis.<sup>153</sup> Halldór Ásgrímsson heimsótti hins vegar Jón Baldvin í utanríkisráðuneytinu á miðvikudeginum og bar upp sömu hugmynd.<sup>154</sup> Jón Baldvin segir að á fundi hans og Ólafs Ragnars hafi Ólafur afhent honum skjal sem hann kallaði samþykkt þingflokks Alþýðubandalagsins. Í því skjali hafi verið fjallað um Evrópumál og dregið í land með allar efasemdir og fyrirvara af hálfu Alþýðubandalagsins. Jón Baldvin segir að hann hefði eins getað skrifað skjalið sjálfur, svo samþykktur hafi hann verið innihaldi þess. En eftir samtali við Svavar Gestsson hafi hann komist að því að þetta skjal hefði aldrei verið samþykkt af þingflokki Alþýðubandalags.<sup>155</sup> Svavar hafnar þessari frásögn Jóns Baldvins og segir hana uppspuna. Hann segir Jón einfaldlega hafa ákveðið að fara í stjórn með Davíð Oddssyni og hafna tilboði alþýðubandalagsmanna um forsætisráðherraembættið.<sup>156</sup> Heimildum ber því ekki saman um þetta atriði.

Jón Baldvin hafði áhyggjur af því hvernig koma ætti málum eins og EES samningunum og álmálinu í gegnum félagshyggjustjórn með aðeins eins manns meirihluta. Hver einasti stjórnarþingmaður hefði í raun neitunarvald í hvaða máli sem er. Þar fyrir utan ætti eftir að samþykkja aftur stjórnarskrárbreytinguna um að Alþingi starfaði í einni málstofu. Þangað til hefði ríkisstjórnin ekki meirihluta í báðum málstofum. Þessum áhyggjum lýsti hann í viðtali við *Morgunblaðið* sem birt var á þriðjudegi eftir kosningar. „Margir vísa til þess að fyrir liggi tillaga til stjórnarskrárbreytingar um Alþingi í einni málstofu, sem mundi breyta þessu. En þá verða

<sup>150</sup> *Forsætisráðherrann*. Bls. 346.

<sup>151</sup> Tölvupóstur frá Svavari Gestssyni.

<sup>152</sup> *Morgunblaðið*. 24. apríl. 1991. Bls. 25.

<sup>153</sup> *Forsætisráðherrann*. Bls. 346.

<sup>154</sup> *DV*. 26. apríl. 1991. Bls. 2.

<sup>155</sup> Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson.

<sup>156</sup> Tölvupóstur frá Svavari Gestssyni.

menn að hafa í huga að Alþingi verður sett á laggirnar samkvæmt gildandi reglum, það er að segja í tveimur deildum. Stjórnarskrárfrumvarpið þarf að ná fram í báðum deildum,<sup>157</sup> sagði Jón Baldvin og benti á að stjórnarandstaðan gæti viljað breyta einhverju í frumvarpinu sem tefði framgöngu þess.

Helsta áhyggjuefni Jóns Baldvins og annarra þingmanna Alþýðuflokks var afstaða einstakra þingmanna innan Alþýðubandalags og Framsóknarflokks til þeirra mála sem þeim þótti mikilvægast að næðu fram að ganga. Helstu áhersluatriði alþýðuflokksmanna við stjórnarmyndun voru að ljúka samningum um EES og álver á Keilisnesi, breyta stefnunni í landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum og „standa vörð um þá félagsmálafestnu, sem Jóhanna Sigurðardóttir hefði mótað.“<sup>158</sup> Sérstaklega varð alþýðuflokksmönnum tíðrætt um Hjörleif Guttormsson, þingmann Alþýðubandalags, sem hafði staðið fyrir málpófi undir þinglok til að tefja fyrir álmálinu. „Ég minni á að sami þingmaður hefur tekið afdráttarlausa afstöðu gegn álveri og samningum um evrópska efnahagssvæðið, sem og að Kvinnalistinn hefur markað sömu afstöðu í þessum stóru málum, eins og lesa má af stefnuskrá þeirra fyrir kosningar,“ sagði Jón Baldvin. „Þarf ég að spyrja hvort Kvinnalistinn telji sig bundinn af trúnaði við kjósendur gagnvart loforðum sem þær hafa gefið fyrir kosninga? Um þetta hefur orðið skrýtin umræða. Sumir ræða þetta eins og þetta sé ekkert mál og það þurfi einfaldlega að efna til vitnaleiðslna eða að draga fram vottorð undirritað af vitundarvottum um það að Hjörleifur Guttormsson hafi skipt um grundvallarskoðanir í tilverunni ...“<sup>159</sup> Hjörleifur sjálfur sagðist vonast til þess að vinstri stjórnin gæti haldið áfram. „Þetta eru auðvitað stórmál og menn þekkja mín viðhorf í þeim efnum og ég hef engu við það að bæta ...“<sup>160</sup> sagði Hjörleifur um EES málið og álmálið. Jón Baldvin hafði einnig áhyggjur af öðrum stjórnarþingmönnum, til dæmis Steingrími J. Sigfússyni, sem hann sagði að hefði lýst því yfir að hann mundi aldrei samþykkja álver í Keilisnesi. Ólafur Ragnar<sup>161</sup> og Páll Pétursson hefðu einnig reynst erfiðir í Evrópumálunum.<sup>162</sup>

<sup>157</sup> *Morgunblaðið*. 23. apríl. 1991. Bls. 31.

<sup>158</sup> *Morgunblaðið*. 20. apríl. 1991. Baksíða.

<sup>159</sup> *Morgunblaðið*. 23. apríl. 1991. Bls. 31.

<sup>160</sup> *Morgunblaðið*. 23. apríl. 1991. Bls. 49.

<sup>161</sup> *Morgunblaðið*. 23. apríl. 1991. Bls. 31.

<sup>162</sup> Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson.

„Þetta eru staðreyndir. Þessum staðreyndum verður ekki sópað undir teppi og við tökum mátulegt mark á yfirlýsingum nú um að þetta hafi enga merkingu haft. Við spyrjum um heilindi slíkra stjórnámálanna. Við rifjum upp yfirlýsingar frambjóðenda Alþýðubandalags og Framsóknar í kosningabaráttunni varðandi Evrópumálin.“<sup>163</sup>

Alþýðuflokksmenn töldu ekki að Hjörleifi Guttormssyni væri treystandi til að halda stjórninni saman. „Ekki bætir úr skák að fá Kvinnalistann með í stjórn þar sem þá sitjum við uppi með fimm Hjörleifa til viðbótar,“<sup>164</sup> sagði ónefndur þingmaður Alþýðuflokks í samtali við *DV* á mánudeginum eftir kosningar. Kvinnalistinn hafði boðist til þess strax eftir kosningar að ganga inn í stjórnina í stað Borgaraflokks. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þingmaður Kvinnalista, sagðist ekki geta haldið andstöðu við álver á Keilisnesi til streitu í ríkisstjórn:

„Við hljótum alltaf að hugsa um það í hvaða stöðu við erum og hvernig við getum tryggt áhrif okkar sem best. Við höfðum vonast til þess að lenda í oddaðstöðu og geta valið okkur samstarfsaðila. En eftir kosningarnar erum við í þröngri stöðu. Talsmenn stjórnarflokkanna töluðu þannig fyrir kosningarnar, að þeir vildu bæta lífskjör fólks, og greiða því aftur það sem tekið var í þjóðarsáttinni. Því fannst okkur það vænleg leið að mynduð verði stjórn sem hefði það að meginmarkmiði að bæta kjör hinna lægstlaunuðu ...“<sup>165</sup>

Ingibjörg taldi samningsstöðu Kvinnalista í álmálinu vera slæma, en þær gætu þó ekki fallist á byggingu álvers sama hvað það kostaði. Hún ræddi einnig andstöðu Kvinnalista við EES samningana:

„Staðan í því máli er mjög óljós og það bendir margt til þess að Íslendingar verði að taka upp beinar viðræður við EB um ákveðna hluti. Og þetta fer eftir því hvað felst í efnahagssvæðinu. Við hljótum að treysta því að menn ætli ekki að fara að fórna þjóðarhagsmunum í þessum viðræðum. Það er ósamið um fyrirvara Íslendinga um fjárfestingar erlendra aðila, um tollamál. Auðvitað hljótum við að meta þetta þegar þar að kemur.“<sup>166</sup>

<sup>163</sup> *Morgunblaðið*. 23. apríl. 1991. Bls. 31.

<sup>164</sup> *DV*. 23. apríl. 1991. Bls. 2.

<sup>165</sup> *Morgunblaðið*. 23. apríl. 1991. Bls. 31.

<sup>166</sup> Sama heimild.



Alþýðuflokksmenn tóku þessa stefnubreytingu mátulega alvarlega. Steingrímur Hermannsson segir að samstarf við Kvinnalista hafi aldrei verið rætt af mikilli alvöru, þar sem það hafi ekki verið talið líklegt til að auka samstöðu um deilumálin.<sup>167</sup>

Þingflokkur Alþýðuflokks hafði fundað laust eftir hádegi mánudaginn 22. apríl og rætt kosningaúrslitin. Þar tók þingflokkurinn þá ákvörðun að stjórninni bæri að fara frá. Helstu hvatamenn þess voru Jón Sigurðsson, Eiður Guðnason, Sighvatur Björgvinsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Karl Steinar Guðnason og svo Jón Baldvin sjálfur.<sup>168</sup> Jón Baldvin tilkynnti Steingrími um ákvörðun þingflokksins á þriðjudagsmorgni. Á fundi þeirra nefndi Jón Baldvin hugmyndina um að hann sjálfur yrði forsætisráðherra og spurði hvort Steingrímur vildi verða utanríkisráðherra ívinstri stjórn. Steingrímur sagði að líklegast mundi hann ekki taka sæti í slíkri stjórn.<sup>169</sup> Í ævisögu sinni segir Steingrímur að fundurinn hafi verið mjög eftirminnilegur, enda hafi þeir Jón unnið náið saman:

„Mér var söknuður í huga því við höfðum svarið í fóstbræðralag í þeim stórsjóum stjórnmalanna sem við höfðum staðið í undangengið kjörtímabil. Þegar við Jón Baldvin kvöddumst var það nánast með tárur. Ég man ekki eftir innilegri kveðjustund á stjórnmaláferli mínum.“<sup>170</sup>

Steingrímur gekk eftir þetta á fund Vigdísar Finnbogadóttur, forseta Íslands, og baðst lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt. Forseti ákvað að veita formönnum allra stjórnmalaflokka frest fram á föstudaginn 26. apríl til að ræða stjórnarmyndun sín á milli þar til hún veitti einum þeirra formlegt umboð til stjórnarmyndunar. Klukkan tíu sama dag fundaði ríkisstjórnin sem starfsstjórn.

Þriðjudaginn og dagana eftir fundaði Jón Baldvin með Kvinnalistakonum, Ólafi Ragnari, Halldóri Ásgrímssyni, sínum eigin flokksmönnum og svo Davíð Oddssyni. Alþýðubandalagsmenn og framsóknarmenn vonuðust enn til þess að Jóni Baldvini yrði talið hughvarf og vinstri stjórnin gæti starfað áfram, þrátt fyrir það ósætti sem kom upp í kosningabaráttunni. Sá hljómur var í Halldóri Ásgrímssyni eftir fund hans með Jóni Baldvini á miðvikudeginum. „Það er nú svo í kosningabaráttu að það er ýmislegt sagt í

<sup>167</sup> *Forsætisráðherrann*. Bls. 347.

<sup>168</sup> *Tíminn*. 23. apríl. 1991. Bls. 5.

<sup>169</sup> *Forsætisráðherrann*. Bls. 347.

<sup>170</sup> Sama heimild.

hita leiksins. Ég er ákveðinn í því að erfa það ekki og líta meira til þess að það er málefnaleg samstaða milli Alþýðuflokks og Framsóknarflokks í [Evrópumálum]. Við höfum unnið að [sic] fullum heilindum saman að málinu og við erum tilbúnir til að gera það áfram. Ég tel að þetta sé afgreitt mál milli okkar Jóns Baldvins“<sup>171</sup> sagði Halldór.

Sjálfstæðismenn lýstu því strax yfir að þeir hyggðust leita fyrst til Alþýðuflokks um samstarf. Þetta sögðu bæði Friðrik Sophusson<sup>172</sup> og Davíð Oddsson dagana eftir kosningar.<sup>173</sup> Davíð taldi flokkana tvo eiga samleið varðandi Evrópumálin, álmálið og stóriðju. „Við viljum breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélög og einkavæða þau. Ég tel að það sé góður grundvöllur til þess að við getum náð sáttum um landbúnaðarmál ...“<sup>174</sup> sagði Davíð Oddsson, mánudaginn eftir kosningar, þegar Steingrímur hafði ekki enn sagt af sér embætti. Minningar um viðreisnarstjórn höfðu einnig mikið að segja. „Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að reyna beri til þrautar að mynda viðreisnarstjórn, þegar þingræðislegur meirihluti sé [sic] fyrir hendi í fyrsta skipti í tvo áratugi“ sagði hann eftir kosningar.<sup>175</sup> Hann sagði einnig að Sjálfstæðisflokkurinn gengi ekki „á biðilsbuxunum á eftir Alþýðubandalaginu.“<sup>176</sup> Hann taldi samstarf við Alþýðubandalagið ekki líklegt og leit svo á að Alþýðubandalagið nánast útilokaði samstarf við Sjálfstæðisflokk.<sup>177</sup> Þorsteinn Pálsson tekur undir að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðubandalags hafi aldrei talist álitlegur kostur.<sup>178</sup> Á þingflokksfundu 22. apríl lýstu þrír þingmenn Sjálfstæðisflokksins, Egill Jónsson, Eggert Haukdal og Björn Bjarnason, því yfir að þeir teldu samstarf við Alþýðubandalag skárri kost en samstarf við Alþýðuflokk. *Morgunblaðið* hélt því fram að skoðanir Egils og Eggerts í landbúnaðarmálum hafi þar ráðið mestu um.<sup>179</sup> Björn Bjarnason hefur hins vegar sagt í svari við fyrirspurn vegna þessarar ritgerðar að hann hafi haft „engan áhuga á samstarfi við Ólaf Ragnar og félag hans.“<sup>180</sup> Hér ber heimildum því ekki saman. *Morgunblaðið* sagði að Björn hefði hvatt til samstarfs við

<sup>171</sup> *Tíminn*. 25. apríl. 1991. Bls. 5.

<sup>172</sup> *Tíminn*. 23. apríl. 1991. Bls. 2.

<sup>173</sup> *Morgunblaðið*. 23. apríl. 1991. Bls. 34.

<sup>174</sup> *Morgunblaðið*. 23. apríl. 1991. Bls. 35.

<sup>175</sup> *Alþýðublaðið*. 24. apríl. 1991. Forsíða.

<sup>176</sup> *Morgunblaðið*. 23. apríl. 1991. Bls. 35.

<sup>177</sup> Sama heimild.

<sup>178</sup> Viðtal við Þorstein Pálsson.

<sup>179</sup> *Morgunblaðið*. 28. apríl. 1991. Bls. 22.

<sup>180</sup> Tölvupóstur frá Birni Bjarnasyni. 26. ágúst. 2008.

Alpýðubandalag þar sem það hefði mun meiri stuðning á landsbyggðinni. Þá væri honum í nöp við Jón Baldvin, eins og kom „greinilega í ljós í ritdeilum þeirra Björns og Jóns Baldvins [...] í *Morgunblaðinu*.“<sup>181</sup> Að öðru leyti var þingflokkur sjálfstæðismanna samhentur í að leita eftir samstarfi við Alpýðuflokkinn. Þingmenn hans töldu það besta kostinn í stöðunni.<sup>182</sup> Á þingflokksfundi Sjálfstæðisflokksins fimmtudaginn 25. apríl veittu þingmennirnir Davíð fullt umboð til að hefja formlegar viðræður við Alpýðuflokk.<sup>183</sup>

Alpýðuflokksmenn voru hins vegar klofnari í afstöðu sinni, bæði innan þingflokks og utan. Á þingflokksfundi þeirra síðdegis þriðjudaginn 23. apríl lýstu margir þingmenn andstöðu við myndun viðreisnarstjórnar.<sup>184</sup> Gunnlaugur Stefánsson, Sigbjörn Gunnarsson, Össur Skarphéðinsson og Jóhanna Sigurðardóttir voru þeir þingmenn sem helst töluðu fyrir áframhaldandi samstarfi félagshyggjuflokkanna í vinstri stjórn og töldu ekki fullreynt með að ná saman með þeim.<sup>185</sup> Guðmundur Árni Stefánsson, varaþingmaður og leiðtogi flokksins í Hafnarfirði, hvatti einnig til áframhaldandi vinstri stjórnar.<sup>186</sup> Almennir flokksmenn létu heldur ekki á sér standa og lýstu yfir óánægju sinni. Dóra Hafsteinsdóttir, skrifstofustjóri hjá Alpýðuflokknum, átti fullt í fangi með að svara símtölum óánægðra flokksmanna, sem töldu forystu flokksins svíkja hugsjónina um að gera flokkinn að „sameiningarflokki allra jafnaðarmanna ...“<sup>187</sup> Þá hafi flokksmenn verið óánægðir með að flokkurinn lyfti Davíð Oddssyni til valda og gerði hann að forsætisráðherra. Jón Baldvin lýsti því yfir að hann teldi þetta vera skipulagðar hringingar fólks úr öðrum flokkum<sup>188</sup> og telur enn að Ólafur Ragnar og Einar Karl Haraldsson, framkvæmdastjóri Alpýðubandalags, hafi staðið bak við þær.<sup>189</sup> „Ég held að það sé ekki rétt. Ég hef starfað á skrifstofu flokksins í þrjú ár og þekki orðið innviði hans nokkuð vel.

<sup>181</sup> *Morgunblaðið*. 28. apríl. 1991. Bls. 22.

<sup>182</sup> Viðtal við Þorstein Pálsson. Sjá einnig viðtal við Ólaf G. Einarsson.

<sup>183</sup> *DV*. 26. apríl. 1991. Bls. 2.

<sup>184</sup> *DV*. 24. apríl. 1991. Bls. 2.

<sup>185</sup> *Morgunblaðið*. 28. apríl. 1991. Bls. 23. Sjá einnig *DV*. 2. maí. 1991. Bls. 5.

<sup>186</sup> *Hreinar línur*. Bls. 108.

<sup>187</sup> *DV*. 24. apríl. 1991. Bls. 2.

<sup>188</sup> *Tíminn*. 25. apríl. 1991. Bls. 2.

<sup>189</sup> Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson.

Ég þekki vel þær raddir sem létu í sér heyra í gær og fyrradag,<sup>190</sup> sagði Dóra skrifstofustjóri í viðtali við *Tímann*.

Hópur kjósenda Alþýðuflokksins mótmælti fyrirhugaðri viðreisnarstjórn á opnum fundi á Hótel Borg fimmtudaginn 25. apríl. Reynir Ingibjartsson boðaði til fundarins og var fundarstjóri og á annað hundrað manns mætti, margir af þeim stuðningsmenn annarra ríkisstjórnarflokka. Þar á meðal var Ásgeir Hannes Eiríksson, fyrrverandi þingmaður Borgaraflokksins, sem sagðist eingöngu hafa kosið Alþýðuflokk til að styðja við Össur Skarphéðinsson. Svanur Kristjánsson stjórn málafræðingur talaði á fundinum. „Flokkur frjálslyndra jafnaðarmanna, sem ætlar sér þann hlut einan að ganga til liðs við fundarstjóra kolkrabbans, Davíð Oddsson, er dauður og á sér ekki viðreisnar von. Slík stjórn er andvana fædd,<sup>191</sup> sagði Svanur. Enginn úr þingflokki Alþýðuflokks kom á fundinn á Hótel Borg.

Föstudaginn 26. apríl var frestur formannanna til að ræða stjórnarmyndun sín á milli liðinn. Forseti kallaði formennina á sinn fund einn af öðrum til að ræða hver þeirra ætti að fá umboð til stjórnarmyndunar. Fyrstur kom Steingrímur Hermannsson, sem sagðist vilja mynda þriggja flokka vinstri stjórn. Ólafur Ragnar kom á hæla hans og nefndi sömu óskastjórn. Eftir fundinn sagði hann blaðamönnum að ekkert gæti stöðvað Jón Baldvin í þeirri fyrirætlun sinni að „gera Davíð Oddsson að kóngi yfir Íslandi ...“<sup>192</sup> Því næst gekk Davíð Oddsson á fund forseta. Hann sagðist vilja mynda stjórn með Alþýðuflokki. Ingibjörg Sólrún og Kristín Halldórsdóttir, fulltrúar Kvinnalista nefndu ekki einn fram yfir annan sem hljóta ætti umboð til stjórnarmyndunar. Jón Baldvin kom síðastur á fund forseta og ræddi við hana í um klukkutíma. Hann benti á að Davíð Oddsson ætti að fá stjórnarmyndunarumboð. Umboð til þess að benda á Davíð hafði hann fengið um klukkutíma áður á þingflokksfundi Alþýðuflokks. Á sama tíma hélt Steingrímur Hermannsson blaðamannafund þar sem hann þakkaði fjölmiðlum fyrir samfylgdina og talaði um að myndun viðreisnarstjórnar hefði verið á döfinni í tvo mánuði. Skömmu eftir að Jón Baldvin gekk á brott frá forseta fór Davíð aftur á fund

<sup>190</sup> *Tíminn*. 25. apríl. 1991. Bls. 2.

<sup>191</sup> *DV*. 26. apríl. 1991. Bls. 2.

<sup>192</sup> *DV*. 27. apríl. 1991. Bls. 2.

forseta. „Hann stoppaði stutt á þessum fundi og kom út með bros á vör og greindi fjölmiðlamönnum frá því að forseti hefði veitt sér umboð til að mynda ríkisstjórn.“<sup>193</sup>

Jón Baldvin var ánægður með viðræður sínar við Davíð, dagana áður en forseti veitti umboð til stjórnarmyndunar:

„Undirtektir formanns Sjálfstæðisflokksins gagnvart helstu stefnumálum Alþýðuflokks hafa verið ótrúlega góðar. Þessar stjórnarmyndunarviðræður hafa verið óvenjulegar að því leyti að þær hafa eingöngu farið fram milli forystumanna flokkanna. Þess vegna hljóta þær að lokum að byggjast á gagnkvæmu trausti milli þessara manna og standa og falla með því ...“<sup>194</sup>

Davíð ætlaði að mynda stjórnina á fjórum dögum, að öðrum kosti mundi hann skila umboðinu. Laugardaginn 27. apríl hélt hann svo út í Viðey til að hefja formlegar stjórnarmyndunarviðræður við Jón Baldvin. Eftir aðeins tveggja klukkutíma langan fund, frá klukkan tvö til fjögur, héldu þeir til lands á ný og tilkynntu að ný ríkisstjórn yrðu mynduð fyrir 1. maí.<sup>195</sup> Á þingflokksfundi Alþýðuflokks morguninn eftir var farið yfir stöðuna áður en Jón Baldvin og Davíð héldu samferða út í Viðey á hádegi. Eftir rúmlega þriggja klukkutíma löng fundarhöld sigldu þeir aftur til lands og tilkynntu, að gengi allt eftir, yrði skrifað undir nýjan stjórnarsáttmála daginn eftir. Formennirnir tveir unnu svo hvor á sínum stað við lokafrágang stefnuyfirlýsingarinnar ásamt helstu ráðgjöfum sínum. Jón Baldvin fundaði aftur með þingflokki, en Davíð boðaði til flokksráðsfundar kvöldið eftir, en flokksráðið þurfti að samþykkja stjórnarmyndunina.

Stjórnarmyndunarviðræðurnar gengu mjög hratt fyrir sig. Mánudagsmorguninn 29. apríl fundaði þingflokkur Sjálfstæðisflokks fyrir hádegi og alþýðuflokksmenn voru boðaðir til flokksstjórnarfundar á Hótel Sögu um kvöldið.<sup>196</sup> Formennirnir ætluðu sér að ljúka viðræðunum innan þess tímaramma sem þeir höfðu boðað. Síðdegis lá fyrir formleg stefnuyfirlýsing og verkaskipting flokkanna. Formlegum viðræðum var lokið og formennirnir byrjuðu hvor fyrir sig að ræða einslega við þingmenn flokka sinna. Að því loknu héldu þeir á fund hvor hjá sinni flokksstofnun til að fá samþykki flokksmanna

<sup>193</sup> *Tíminn*. 27. apríl. 1991. Bls. 2.

<sup>194</sup> *DV*. 26. apríl. 1991. Baksíða.

<sup>195</sup> *DV*. 29. apríl. 1991. Bls. 2.

<sup>196</sup> *DV*. 30. apríl. 1991. Bls. 2.

sinna. Fyrir flokksstjórnarfund Alþýðuflokks tilkynnti Jón Baldvin þingflokknum um það hverja úr þeirra röðum hann vildi gera að ráðherrum. Nokkur óánægja var með þá niðurstöðu og var hún rædd áfram á flokksstjórnarfundinum.<sup>197</sup> Sjálfstæðismenn samþykktu stefnuyfirlýsinguna og gáfu þingflokknum umboð til að velja ráðherra á nokkuð rólegri fundi en þeim sem alþýðuflokksmenn sátu.

Þriðjudaginn 30. apríl undirrituðu Davíð og Jón Baldvin svo stefnuyfirlýsinguna í Viðey.<sup>198</sup> Klukkan ellefu sama dag fór fram síðasti ríkisráðsfundur ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar á Bessastöðum, en eftir hádegi fór fram sá fyrsti undir forsæti Davíðs Oddssonar. Viðeyjarstjórn var tekin við völdum.

#### *Málefni Viðeyjarstjórnarinnar*

Í upphafi ákváðu Jón Baldvin Hannibalsson og Davíð Oddsson að semja ekki nákvæman stjórnarsáttmála, heldur stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks. Jón Baldvin hafði orðið fráhverfur löngum og ítarlegum stjórnarsáttmálum eftir þann sem var gerður í upphafi stjórnartíðar ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar.<sup>199</sup> Í yfirlýsingunni kvað á um helstu áhersluatriði flokkanna á komandi kjörtímabili. Jón Baldvin lýsir viðræðum sínum og Davíðs svo að hann sjálfur hafi lesið um alla málaflokkana upp úr stefnuþlögnum Alþýðuflokksins og Davíð hafi kinkað kalli og samþykkt, nema einstaka sinnum með smávægilegum áherslubreytingum.<sup>200</sup> Áhrifa stefnu Alþýðuflokksins gætti vissulega víðs vegar í stefnuyfirlýsingunni. Í fyrsta lið var fjallað um skattaaðgerðir í þágu hinna tekjulægstu og barnafjölskyldna. Í öðrum lið var talað um að virkja sameignarákvæði laga um stjórn fiskveiða, sem alþýðuflokksmenn höfðu barist fyrir. Í þriðja lið var rætt um að landbúnaðarstefnan ætti að hafa að leiðarljósi „lægra verð til neytenda, bættu samkeppnisstöðu bænda, lægri ríkisútgjöld á vinnslu- og d[r]eifingarkerfi landbúnaðarvara í framhaldi af endurskoðun búvörusamnings.“<sup>201</sup> Allt var þetta eins og talað út úr munnnum þingmanna Alþýðuflokks. Í kjölfarið voru ákvæði um að ljúka

<sup>197</sup> DV. 30. apríl. 1991. Bls. 2.

<sup>198</sup> Tíminn. 1. maí. 1991. Bls. 10.

<sup>199</sup> Forsætisráðherrann. Bls. 250.

<sup>200</sup> Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson.

<sup>201</sup> Þjóðviljinn. 1. maí. 1991. Bls. 7.

samningum um álver á Keilisnesi, lækka ríkisútgjöld, lækka skatta, bjóða út verkefni ríkisins og festa í sessi húsbréfakerfið, sem Jóhanna Sigurðardóttir hafði komið á fót. Í lið tíu var kveðið á um að orkulindir verði þjóðareign og að ríkisstjórnin efli mengunarvarnir. Í 15. lið var svo lofað að samið yrði um Evrópskt efnahagssvæði, „til þess að tryggja aðgang sjávarafurða að Evrópumörkuðum. Ekki kemur til greina að gefa eftir forræði yfir íslenskri fiskvkeiðilögsögu [sic] í skiptum fyrir aðgang að mörkuðum.“<sup>202</sup> Þarna bergmála deilur Jóns Baldvins og Halldórs Ásgrímssonar um gagnkvæm skipti á veiðiheimildum við Evrópubandalagið.

Nýkjörinn forsætisráðherra flutti stefnuræðu sína á Alþingi kvöldið 21. maí 1991. Í ræðunni fór hann yfir það sem hann kallaði „meginmál“ ríkisstjórnarinnar sem kvað á um í stefnuyfirlýsingunni. Minna fór fyrir stefnumálum Alþýðuflokksins í þeirri ræðu en í stefnuyfirlýsingunni sjálfri. Forsætisráðherrann deildi hart, eins og sjá má, á Ólaf Ragnar Grímsson, fyrrverandi fjármálaráðherra:

„Í fyrsta lagi eru það ríkisfjármálin sem ég hef áður vikið að. Þau voru í miklu verri stöðu en fyrrverandi fjármálaráðherra hafði auglýst á kostnað skattgreiðenda í kosningabaráttunni. [...] Ríkisstjórnin mun leggja mikla áherslu á einkavæðingu og tilfærslu verkefna til einkaaðila, hvort heldur er með sölu opinberra fyrirtækja, útboði eða gjaldtöku fyrir þjónustu. [...] Ríkisstjórnin vill í annan stað ná stöðugleika á vinnumarkaði sem óábyrg eyðslustefna fyrrverandi fjármálaráðherra var langt komin að eyðileggja fyrir síðustu kosningar. [...] Í þriðja lagi vill ríkisstjórnin leitast við að ná víðtækri sátt um stefnu í sjávarútvegsmálum. [...] Fjórða meginverkefni stjórnarinnar verður að framkvæma þá stefnu í landbúnaðarmálum sem mörkuð hefur verið af stjórnvöldum og bændum í sameiningu hin síðari ár.“<sup>203</sup>

Í lok ræðunnar kom forsætisráðherrann að þeim málum sem Alþýðuflokkur hafði helst sett á oddinn í aðdraganda kosninga. Hann sagði að í iðnaðar- og orkumálum væri rík og góð samstaða í ríkisstjórninni, ólíkt því sem hefði verið í vinstri stjórninni. Samningar um álver á Keilisnesi og Evrópskt efnahagssvæði þyrftu að nást „ekki síst til þess að tryggja hindrunarlausan aðgang sjávarafurða að Evrópumörkuðum. Það kemur

<sup>202</sup> *Þjóðviljinn*. 1. maí. 1991. Bls. 7.

<sup>203</sup> *Alþingistíðindi 1991. A-B*. Bls. 251-253.

ekki til greina af ríkisstjórnarinnar hálfu að gefa eftir forræði í íslenskri fiskveiðilögsögu í skiptum fyrir aðgang að mörkuðum ...<sup>204</sup> bætti Davíð við.

Þingmenn tóku eftir að stefnumál Alþýðuflokks í sjávarútvegs- og landbúnaðarmálum vantaði inn í stjórnarsáttmálann og vissu sem var, að Alþýðuflokknum hefði mistekist að fá að minnsta kosti annan þessara veigamiklu málaflokka í sinn hlut. Steingrímur Hermannsson vakti máls á þessu:

„Meðal annars var það eitt í stefnu Alþýðuflokks að taka skyldi upp búvörusamninginn og það átti að spara ríkissjóði þá ef ég man rétt um það bil 5 milljarða króna. Þetta er ekki að finna í stefnuræðu hæstvirts forsætisráðherra. Þvert á móti ætlar Sjálfstæðisflokkur og ríkisstjórnin þar með að byggja á því samkomulagi sem hefur orðið með bændum og launþegum í landinu. [...] Alþýðuflokkur lýsti því einnig að nú ætti að taka upp nýja stefnu í sjávarútvegsmálum. Nú ætti að hefja sölu veiðileyfa. Ekki er heldur að finna það í stefnuræðu forsætisráðherra. [...] Hvar eru þá stefnumið Alþýðuflokks? Þetta voru tvö þau stefnumið sem alþýðuflokksmenn töldu standa í vegi fyrir því að unnt væri að mynda hér á landi nýja félagshyggjustjórn. Þeir töldu útilokað að ná samkomulagi við Framsóknarflokk og Alþýðubandalag um þessi tvö mikilvægu mál. Við fengum að vísu afar lítið að heyra af heiðursmannasamkomulaginu sem gert var í Viðey.“<sup>205</sup>

Sjávarútvegsstefna Alþýðuflokksins varð vissulega undir þegar Jón Baldvin og Davíð sömdu um skiptingu ráðuneyta og stefnuyfirlýsingu úti í Viðey. Sjálfstæðisflokkurinn hlaut eins og áður sagði sjávarútvegsráðuneytið og í stól ráðherra settist Þorsteinn Pálsson, sem var einn helsti stuðningsmaður gildandi kvótakerfis. Hann taldi fráleitt að ganga að kröfum alþýðuflokksmanna og lýsti því yfir á meðan Davíð og Jón Baldvin voru ennþá úti í Viðey og óleyst milli flokkanna hvor þeirra hlyti sjávarútvegsráðuneytið:

„Hugmyndum Alþýðuflokks um kvótaleigu eða auðlindaskatt verður stungið undir stól í þeim stjórnarmyndunarviðræðum sem nú fara fram. Það getur ekki farið öðruvísi. Fallist þeir ekki á þetta stendur þeim sá kostur einn til boða að vera utangarðs í íslenskum stjórnámálum því ekki fara aðrir flokkar að taka slíkar

<sup>204</sup> *Alþingistíðindi 1991. A-B. Bls. 253-254.*

<sup>205</sup> *Alþingistíðindi 1991. A-B. Bls. 254-255.*



hugmyndir upp. Kvótaleigu fá þeir ekki framgengt í samstarfi með okkur og enn síður fá þeir því framgengt til vinstri“<sup>206</sup>

Davíð sagði í viðtali við *Morgunblaðið* daginn eftir að viðræðum lauk að hann hefði gjarnan viljað leyfa Alþýðuflokknum að sjá um sjávarútvegsmálin. Hann sagðist vilja gera 1. grein laga um fiskveiðistjórnun virka, en hún fjallar um að fiskimiðin séu sameign þjóðarinnar. Landsfundur Sjálfstæðisflokks hafi hins vegar hafnað veiðileyfaleigu. Það mál þyrfti því að skoða nánar.<sup>207</sup>

Jón Baldvin sagðist treysta því að Þorsteinn fylgdi stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eftir að gengið hafði verið frá ráðherraskipan. „Það er engin deila um það að Þorsteinn byggir á kvótakerfinu. Það er hins vegar líka ótvírætt að stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar er um að breyta um stefnu. Ég leyfi mér að túlka orð Þorsteins Pálssonar á þann veg að hann ætli að ganga til þessarar endurskoðunar með opnum huga og gefi sér ekki niðurstöðuna fyrirfram.“<sup>208</sup> Jón hafði hins vegar nokkrar áhyggjur af því sem hann kallaði „Framsóknararminn í Sjálfstæðisflokknum“. Hann sagði líftíma stjórnarinnar ráðast af því hvort Framsóknararmurinn í Sjálfstæðisflokknum yrði samstarfsfús varðandi breytingar á sjávarútvegs- eða landbúnaðarstefnunni.<sup>209</sup>

Mjög skömmu eftir myndun ríkisstjórnarinnar kom upp ágreiningur innan hennar um skiptingu verkefna. Jón Baldvin taldi að honum og Davíð hefði samist um að málefni Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins yrðu flutt úr landbúnaðarráðuneyti yfir í umhverfisráðuneyti, frá Halldóri Blöndal sjálfstæðismanni til Eiðs Guðnasonar alþýðuflokksmanns. Þetta kallaði hann „heiðursmannasamkomulag“ milli þeirra tveggja sem funduðu í Viðey.<sup>210</sup> Davíð kannaðist hins vegar ekki við samkomulagið og taldi að Jón oftúlkaði orð sín. *Tíminn* talaði um að Eiður Guðnason hefði því sest í stól umhverfisráðherra á fölskum forsendum.<sup>211</sup> Deilur voru strax komnar upp meðal stjórnarflokkanna, sem sýndu að helgarferð formannanna út í Viðey hefði ekki dugað til

<sup>206</sup> DV. 29. apríl. 1991. Bls. 3.

<sup>207</sup> *Morgunblaðið*. 30. apríl. 1991. Bls. 29.

<sup>208</sup> *Tíminn*. 4. maí. 1991. Bls. 8.

<sup>209</sup> Sama heimild.

<sup>210</sup> *Tíminn*. 11. maí. 1991. Bls. 2.

<sup>211</sup> *Tíminn*. 11. maí. 1991. Forsíða.

að ganga frá öllum vafaatriðum. Guðmundur Bjarnason, þingmaður Framsóknarflokks, gerði gys að málinu í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra:

„Formennirnir tveir í Viðey tókust í hendur og gerðu með sér svokallað heiðursmannasamkomulag, sem nú þegar er komið í ljós að var ekki heiðursmannasamkomulag og að ummæli um ákveðin atriði voru misskilin og oftúlkuð. Formennirnir sögðu samstarfið byggt á trúnaði og trausti en ekki málefnum. [...] Nú þegar hefur komið í ljós að eitthvað skortir á í ástarlotum [sic] forsætisráðherra og sjávarútvegsráðherra og ekki virðist mikill kærleikur ríkja milli landbúnaðarráðherra og umhverfisráðherra.“<sup>212</sup>

Hinn 10. maí, níu dögum eftir að stjórnin tók við, funduðu Jón Baldvin og Halldór Blöndal landbúnaðarráðherra um málið með Davíð á skrifstofu þess síðastnefnda. Skógrækt ríkisins og Landgræðsla ríkisins heyrðu samt sem áður áfram undir landbúnaðarráðherra og voru ekki flutt undir umhverfisráðherra fyrr en árið 2007.<sup>213</sup>

#### *Ráðherrar í Viðeyjarstjórninni*

Davíð Oddsson þurfti að sanna fyrir flokksmönnum sínum að fordæmislaust framboð hans gegn sitjandi formanni á landsfundi hefði verið ráðlegt. Því var mikilvægt fyrir hann að koma Sjálfstæðisflokknum í ríkisstjórn og verða sjálfur forsætisráðherra. Strax í upphafi samningaviðræðna við Alþýðuflokkinn bauð Davíð jafna skiptingu ráðherraembætti. Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins samþykkti fimmtudaginn fyrir Viðeyjarhelgina að Davíð hefði umboð til að bjóða Alþýðuflokknum fimm ráðherraembætti í ríkisstjórn tíu ráðherra.<sup>214</sup> Frá upphafi var öruggt að Davíð Oddsson yrði forsætisráðherra í stjórninni. Sjálfstæðisflokkur hafði mun meira fylgi en Alþýðuflokkur, en skipting ráðherra átti engu að síður að verða jöfn. Annar hver þingmaður Alþýðuflokks hlyti ráðherraembætti við þá niðurstöðu. Þetta gátu alþýðuflokksmenn mjög vel felld sig við og segir Jón Baldvin að þetta tilboð hafi komið á

<sup>212</sup> *Alþingistíðindi 1991*. A-B. Bls. 258.

<sup>213</sup> Lög um breytingu á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands. <http://www.althingi.is/altext/stjt/2007.167.html> Skoðað 12. september.

<sup>214</sup> *Morgunblaðið*. 28. apríl. 1991. Bls. 22.

óvart og það hafi verið samþykkt strax.<sup>215</sup> Alþýðuflokkurinn sóttist stíft eftir sjávarútvegsráðuneytinu, enda var það stefna flokksins að koma á veiðileyfagjaldi og virkja ákvæði um sameign þjóðarinnar á auðlindum sjávarins. Davíð var sjálfur tilbúinn til að samþykkja það að Alþýðuflokkur fengi ráðuneytið í sinn hlut. Í staðinn fengu sjálfstæðismenn iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, en Alþýðuflokkur héldi þó eftir þeim verkefnum er vörðuðu gengi, gjaldeyrismál og alþjóðlegar lánastofnanir. Þeim mundi Jón Sigurðsson sinna ásamt sjávarútvegs málum í embætti sjávarútvegsráðherra.<sup>216</sup> Þessum málaflökkum þyrfti Alþýðuflokkur að fá að sinna svo að þingmenn hans hefðu einhvern aðgang að efnahagsstjórninni, en sjálfstæðismenn hefðu bæði fjármálaráðuneytið og forsætisráðuneytið, ráðuneyti efnahagsmála, á sínum snærum. Þingflokkur sjálfstæðismanna tók þetta hins vegar ekki í mál. Á fundi þeirra mánudaginn eftir Viðeyjarhelgina kom fram hörð andstaða við hugmynd Davíðs um að gefa eftir sjávarútvegs málum.<sup>217</sup> Því fór það svo að tillögu formannsins var hafnað og ræða þurfti frekar hvernig verkaskiptingin ætti að vera. Alþýðuflokksmenn lýstu yfir vonbrigðum sínum með þá niðurstöðu þegar skipting ráðuneyta var kynnt á flokksstjórnarfundum mánudagskvöldið 29. apríl. „Hér urðu menn fyrir vonbrigðum með það að ná ekki öðru hvoru atvinnuráðuneytanna sem kennd eru við sjó og land við verkefnaskiptingu flokkanna,“<sup>218</sup> sagði Jón Baldvin eftir fundinn.

Lokaniðurstaðan var sú að Sjálfstæðisflokkur fengi forsætisráðuneytið, fjármálaráðuneytið, sjávarútvegsráðuneytið, landbúnaðarráðuneytið, menntamálaráðuneytið, samgönguráðuneytið, dóms- og kirkjumálaráðuneytið og ráðuneyti Hagstofunnar. Flokkurinn fékk einnig forseta Alþingis og formann utanríkismálanefndar Alþingis í sinn hlut. Alþýðuflokkur fékk þau ráðuneyti sem hann hafði haft í vinstri stjórninni, það er utanríkisráðuneytið, iðnaðarráðuneytið, viðskiptaráðuneytið og félagsmálaráðuneytið. Við þau bættust heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og umhverfisráðuneytið, auk formanns fjárveitingarnefndar Alþingis og samstarfsráðherra Norðurlanda.

<sup>215</sup> Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson.

<sup>216</sup> Sama heimild. Sjá einnig *Morgunblaðið*. 5. maí. 1991. Bls. 10.

<sup>217</sup> *Morgunblaðið*. 5. maí. 1991. Bls. 12.

<sup>218</sup> *DV*. 30. apríl. 1991. Bls. 2.

Jón Baldvin segir að eftir að þeir höfðu skipt ráðuneytunum hafi þeir Davíð treyst hvor öðrum fyrir því hverja þeir hygðust gera tillögu um að yrðu skipaðir ráðherrar.<sup>219</sup> Þegar kom að vali á ráðherrum var ýmislegt sem formennirnir tveir þurftu að huga að. Augljóst var að þau þrjú sem höfðu verið ráðherrar Alþýðuflokks í vinstri stjórninni, Jón Baldvin, Jón Sigurðsson og Jóhanna Sigurðardóttir, yrðu áfram ráðherrar. Öll héldu þau þeim ráðherraembættum sem þau höfðu haft í fyrri ríkisstjórn. Það var þó ekki alltaf í spilunum. Jón Sigurðsson átti að skipta um vettvang og taka við sjávarútvegsmálunum, eins og áður sagði. Þegar þingflokkur Sjálfstæðisflokks hafnaði því var ákveðið að hann sæi áfram um iðnaðar- og viðskiptamál. Jón Baldvin gerði það upphaflega að tillögu sinni að Jóhanna Sigurðardóttir flytti sig yfir í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.<sup>220</sup> Jóhanna var hins vegar ekki reiðubúin til að skipta um vettvang. „Heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið er um margt áhugavert ráðuneyti og þar eru stór og brýn verkefni að takast á við, sem snerta velferð fólks. Ég býst við að ég hefði eitthvað leitt hugann að því að skipta um ef ég hefði ekki utan míns flokks fundið mjög óviðurkvæmilegan þrýsting þar sem reynt var að hafa áhrif á að ég færi út úr þessu ráðuneyti,“<sup>221</sup> sagði Jóhanna. Úr varð að hún sæti áfram í félagsmálaráðuneytinu. Henni þótti þrýstingur frá atvinnurekendum og verkalýðshreyfingunni óviðeigandi í þessu efni og taldi einnig að Jón Baldvin hefði kynnt þessa hugmynd fyrir sér alltof seint, ekki fyrr en á mánudeginum, örskammri stund áður en þingflokkur Alþýðuflokks átti að funda um ráðherrastólana.<sup>222</sup>

Ákvörðun Jóhönnu setti áætlun Jóns Baldvins úr skordum. Hann ætlaði að gera Karl Steinar Guðnason, þingmann Reykjaneskjördæmis og verkalýðsforkólf, að félagsmálaráðherra. Þá hefði Sighvatur Björgvinsson fengið síðasta ráðherrastólinn, en Eiður Guðnason þurft að víkja.<sup>223</sup> Eiður hlaut hins vegar umhverfisráðuneytið samkvæmt þessari nýju skiptingu og Sighvatur tók að sér heilbrigðis- og tryggingamálin. Margir voru ósáttir við að Karl Steinar skyldi ekki fá ráðherrastól. Reyknesingar á flokksstjórnarfundi Alþýðuflokksins töldu sig eiga kröfu á tveimur ráðherrastólum í þessu

<sup>219</sup> Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson.

<sup>220</sup> Sama heimild.

<sup>221</sup> *Morgunblaðið*. 1. maí. 1991. Bls. 30.

<sup>222</sup> *Morgunblaðið*. 5. maí. 1991. Bls. 13.

<sup>223</sup> Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson.

sterkasta kjördæmi flokksins. Fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar þrýstu einnig á að Karl Steinar yrði ráðherra.<sup>224</sup> Flokksstjórnarfundurinn hófst um tíuleytið, en stóð fram á nótt vegna deilna um málið. Loks var þó tillaga Jóns Baldvins samþykkt með þorra atkvæða. Karli Steinari þótti þetta að vonum miður. „Formaður flokksins hafði farið þess á leit við mig að ég tæki að mér félagsmálaráðuneytið. Að baki lá mikill þrýstingur af landsbyggðinni, einkum frá verkafólki og atvinnurekendum. Vinnumarkaðinum hefur ekki verið sinnt í ráðuneytinu sem skyldi á undanförunum árum og þykir mörgum að þar þurfi að taka til hendinni. Á síðustu stundu neitaði hins vegar Jóhanna að flytja sig yfir í heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið, eins og gert hafði verið ráð fyrir. Fyrir vikið hefur þessi ríkisstjórn á sér harðan svip en vonandi ber hún gæfu til að koma ætlunarverki sínu í framkvæmd,“<sup>225</sup> sagði Karl Steinar. Fór svo að Karl Steinar var gerður að formanni fjárveitingarnefndar, Sighvatur Björgvinsson varð heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og Eiður Guðnason varð umhverfisráðherra.

Davíð Oddssyni var nokkur vandi fyrir höndum við skipan sinna ráðherra. Sjálfstæðisflokkurinn hafði klotnað í tvær fylkingar á landsfundi tæpum tveimur mánuðum áður. Önnur fylkingin studdi Davíð til formanns, en hin sitjandi formann, Þorstein Pálsson. Kjörnir fulltrúar lýstu margir yfir stuðningi við þann sem þeir töldu best hæfan í formannsembættið. Munurinn var lítill, 733 landsfundarfulltrúar studdu Davíð, en 651 studdi Þorstein.<sup>226</sup> Í þingflokknum voru menn úr báðum fylkingum. Davíðs beið það erfiða verkefni að setta fylkingarnar. Tveir menn voru frá upphafi nokkuð öruggir um ráðherrastóla, auk Davíðs sjálfs. Friðrik Sophusson var varaformaður flokksins og hafði verið ráðherra áður í skammlífri ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar. Þorsteinn átti tilkall til ráðherrastóls, enda fyrrverandi formaður flokksins og forsætisráðherra. Hann var hins vegar ekki viss um að hann hefði áhuga á að taka sæti í ríkisstjórninni.<sup>227</sup>

Davíð hafði áhuga á að taka að sér dóms- og kirkjumálaráðuneytið auk forsætisráðuneytisins.<sup>228</sup> Hann bauð hins vegar Þorsteini að velja sér það ráðuneyti sem hann hefði áhuga á. Þorsteinn tók því boði og setti það sem skilyrði að hann fengi tvö

<sup>224</sup> DV. 30. apríl. 1991. Bls. 2.

<sup>225</sup> DV. 2. maí. 1991. Bls. 2.

<sup>226</sup> Landsfundir Sjálfstæðisflokksins 1989 – 1999. Bls. 85.

<sup>227</sup> Viðtal við Þorstein Pálsson.

<sup>228</sup> Sama heimild. Sjá einnig *Morgunblaðið*. 5. maí. 1991. Bls. 12.

ráðuneyti. Hann valdi sjávarútvegsráðuneytið, sem stjórnarflokkarnir tveir höfðu bitist um, og dóms- og kirkjumálaráðuneytið í þokkabót. Davíð féllst á þetta, þó að hann þyrfti að láta af hendi ráðuneyti sem hann hafði sjálfur ásælst.<sup>229</sup> Eftir voru ráðuneyti fjármála, menntamála, landbúnaðar og samgöngu. Skoðun þingflokksins var að Davíð þyrfti að skipa að minnsta kosti einn landsbyggðarþingmann í ráðherraembætti.<sup>230</sup> Friðrik Sophusson var þingmaður Reykjavíkur og hafði þá sérstöðu að hafa setið hlutlaus hjá í formannsslagnum.<sup>231</sup> Ólafur G. Einarsson, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins til tólf ára, var þingmaður Reykjaneskjördæmis. Hann var alltaf talinn líklegt ráðherraefni eftir langan þingferil, en hafði stutt Þorstein í formanskjörinu.<sup>232</sup> Davíð vildi hins vegar gera stuðningsmann sinn og nýkjörinn þingmann Reykjavíkur, Björn Bjarnason, að fjármálaráðherra í ríkisstjórninni.<sup>233</sup> Pálmi Jónsson, sem hafði setið á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Norðurlandskjördæmi vestra frá 1967 og stutt Davíð á landsfundinum, þótti einnig koma til greina sem ráðherra. Hann hafði hins vegar tekið sæti í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen 1980 til 1983 og þóttu þau svik við flokksforystuna vinna gegn honum.<sup>234</sup> Halldór Blöndal, þingmaður Norðurlandskjördæmis eystra, kom einnig til greina, en hann hafði verið stuðningsmaður Þorsteins.

Samtöl Davíðs við þingmenn Sjálfstæðisflokks síðdegis mánudaginn 29. apríl leiddu í ljós að hvorki Björn Bjarnason né Pálmi Jónsson nutu stuðnings þingflokksins í ráðherrastól. Ólafur G. Einarsson segir að ekki hafi verið búið að ganga endanlega frá skiptingu ráðuneyta milli flokka þegar Davíð fundaði með þingmönnum einslega. Hann óskaði sjálfur eftir heilbrigðisráðuneytinu á fundi sínum með formanninum.<sup>235</sup> Úr varð að Davíð mælti með Friðriki Sophussyni í embætti fjármálaráðherra, Ólafi í embætti menntamálaráðherra og Halldóri Blöndal í embætti samgöngu- og landbúnaðarráðherra. Á tímabili kom til greina að Pálmi fengi síðastnefnda stólinn, en hvorki þingmenn Sjálfstæðisflokks, né þingmenn Alþýðuflokks, sem höfðu áhyggjur af landbúnaðarstefnu

<sup>229</sup> *Morgunblaðið*. 5. maí. 1991. Bls. 12.

<sup>230</sup> Sama heimild.

<sup>231</sup> Sama heimild.

<sup>232</sup> *DV*. 29. apríl. 1991. Bls. 2.

<sup>233</sup> *Morgunblaðið*. 5. maí. 1991. Bls. 12. Sjá einnig *DV*. 2. maí. 1991. Bls. 4. og viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson.

<sup>234</sup> *DV*. 29. apríl. 1991. Bls. 2.

<sup>235</sup> Viðtal við Ólaf G. Einarsson.

Pálma, gátu samþykkt þetta.<sup>236</sup> Pálmi var mjög ósáttur með að fá ekki ráðherraembætti.<sup>237</sup> Á þingflokksfundi þriðjudagsmorguninn 30. apríl átti að ákveða endanlega hverjir yrðu ráðherrar Sjálfstæðisflokksins. Davíð lagði fram tillögu sína og ákveðið var að kjósa um hana í heild sinni skriflega. Tillöguna studdu 22 þingmenn, en einn var á móti. Tvö atkvæði voru ógild og einn þingmaður var fjarstaddur.<sup>238</sup> Pálmi flutti harðorða ræðu þar sem hann reifaði ástæður þess að hann ætti að verða ráðherra. Ræðu hans var ekki vel tekið enda voru margir þingmenn enn ósáttir við Pálma fyrir að hafa tekið sæti í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen.<sup>239</sup> Fleiri reyndust þó óánægðir með niðurstöðuna en Pálmi. Eyjólfur Konráð Jónsson, þingmaður til 17 ára, hafði vonast eftir ráðherraembætti.<sup>240</sup> Matthías Bjarnason, aldursforseti þingflokksins og fyrrverandi ráðherra, sóttist ekki eftir ráðherraembætti, en taldi þó að formaðurinn hefði sýnt sér lítið tillit við skiptingu verkefna innan þingflokksins.<sup>241</sup> Matthías hafði stutt Þorstein á landsfundinum.<sup>242</sup>

Ljóst varð að Davíð fékk engan af stuðningsmönnum sínum frá landsfundinum í ríkisstjórnina, en tvo stuðningsmenn Þorsteins, þá Halldór og Ólaf G., Þorstein sjálfan og einn hlutlausan þingmann, Friðrik Sophusson. Ólafur Ragnar gerði gys að þeirri niðurstöðu í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra. „Staðreyndin er nefnilega sú að Davíð Oddsson er strax á fyrstu vikum þessarar nýju ríkisstjórnar áhrifaminni í þingflokki Sjálfstæðisflokks en Þorsteinn Pálsson var á sínum tíma. Það er þess vegna ekki furða þó þúsundir sjálfstæðismanna um allt land séu farnir að sakna Þorsteins Pálssonar“<sup>243</sup> sagði Ólafur Ragnar. Hann taldi einnig að Alþýðuflokkurinn hefði borið skarðan hlut frá borði við skiptingu ráðuneyta:

„Við skiptingu ráðuneyta fær Alþýðuflokkurinn tvö ráðuneyti í viðbót, heilbrigðis- og tryggingaráðuneyti og umhverfisráðuneyti. Það var ljóst að í þriggja flokka ríkisstjórn með okkur og Framsóknarflokknum hefði

<sup>236</sup> Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson.

<sup>237</sup> Viðtal við Þorstein Pálsson. Sjá einnig viðtal við Ólaf G. Einarsson.

<sup>238</sup> *Morgunblaðið*. 5. maí. 1991. Bls. 12.

<sup>239</sup> *Morgunblaðið*. 5. maí. 1991. Bls. 13.

<sup>240</sup> Sama heimild.

<sup>241</sup> Sama heimild.

<sup>242</sup> *Járnkarlinn*. Bls. 239.

<sup>243</sup> *Alþingistíðindi 1991. A-B*. Bls. 268.

Alþýðuflokkurinn líka getað fengið heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið. Það eina sem var fært til viðbótar hjá Sjálfstæðisflokki er jeppinn hans Júlíusar Sólness.“<sup>244</sup>

### *Stjórnartíminn*

Myndun Viðeyjastjórnarinnar tók aðeins fjóra daga og aldrei áður hafði ríkisstjórn verið mynduð á skemmri tíma síðan breytt kjördæmaskipan var tekin upp 32 árum áður. Forseti Íslands hafði afhent Davíð Oddssyni stjórnarmyndunarumboð um sexleytið föstudagskvöldið 26. apríl. Ný ríkisstjórn tók svo við völdum um hádegisbil þriðjudaginn 30. apríl.<sup>245</sup> Stjórnarskrárbreyting um að Alþingi skyldi starfa í einni deild var samþykkt þegar þingið tók til starfa á ný.

Viðeyjarstjórnin er hvað frægust fyrir að hafa samþykkt EES samninginn, en aðeins þrír stjórnarþingmenn voru honum andvígir. Enginn úr stjórnarandstöðunni greiddi atkvæði með samningnum.<sup>246</sup> Ýmsar breytingar efnahagslífsins í átt til frekari markaðsvæðingar voru á döfinni, meðal annars einkavæðing ríkisfyrirtækja.<sup>247</sup> Í efnahagsmálum var reynt að halda í áhrif „þjóðarsáttarinnar“ og útgjöldum ríkisins stillt í hof og víða skorið niður.<sup>248</sup> Smám saman lauk þrengingunum, hagvöxtur komst upp fyrir núllið og kaupmáttur jókst.<sup>249</sup> Ísland varð fyrsta ríkið til að viðurkenna sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna Eistlands, Lettlands og Litháen með formlegu stjórn málasambandi í ágúst 1991.<sup>250</sup> Minna fór fyrir þeim umbótum á landbúnaðarstefnunni og kvótakerfinu í sjávarútvegi sem stjórnarflokkarnir höfðu lofað að koma í verk.

Oft kom upp ágreiningur milli stjórnarflokkanna tveggja og einstakra manna innan ríkisstjórnarinnar. Þegar Jón Sigurðsson, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, yfirgaf stjórnina árið 1993 og settist í stól Seðlabankastjóra minnkaði samheldnin innan ríkisstjórnarinnar.<sup>251</sup> Samskipti Davíðs og Jóns Baldvins versnuðu þegar leið á samstarfið. Jón Baldvin segir að Davíð hafi aldrei verið tilbúinn til að rökræða málin og komast að

<sup>244</sup> *Þjóðviljinn*. 1. maí. 1991. Baksíða.

<sup>245</sup> *Morgunblaðið*. 1. maí. 1991. Bls. 31.

<sup>246</sup> *Áfangi á Evrópuþör*. Bls. 50-51.

<sup>247</sup> *Ísland á 20. öld*. Bls. 522.

<sup>248</sup> Viðtal við Ólaf G. Einarsson. Sjá einnig *Ísland á 20. öld*. Bls. 475.

<sup>249</sup> *Ísland á 20. öld*. Bls. 477.

<sup>250</sup> *Forsætisráðherrann*. Bls. 331.

<sup>251</sup> Viðtal við Þorstein Pálsson. Sjá einnig viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson.



niðurstöðu.<sup>252</sup> Davíð taldi þingmenn Alþýðuflokks leka trúnaðarmálum í fjölmiðla og starfa af litlum heilindum í samstarfinu.<sup>253</sup> Í febrúar 1994 deildu stjórnarflokkarnir um frumvarp til búvörulaga, sem Alþýðuflokksráðherrarnir töldu ganga þvert á samþykktir ríkisstjórnarinnar. Ólafur Ragnar og Svavar Gestsson komu að máli við Steingrím Hermannsson og ræddu um að mögulega yrði Viðeyjarstjórninni slitið.<sup>254</sup> Jón Baldvin vildi funda með Steingrími skömmu seinna og ræða mögulega myndun nýrrar stjórnar. Þeir hittust á heimili Jóns Sigurðssonar framsóknarmanns við Granaskjól síðdegis sunnudaginn 27. febrúar og ræddu stöðuna. Fram kom gríðarleg óánægja Jóns Baldvins í garð Davíðs. Ekkert varð þó úr stjórnarslitum.<sup>255</sup>

Samstarfsörðugleika fór einnig að gæta milli Jóns Baldvins og Jóhönnu Sigurðardóttur, sem hafði verið varaformaður Alþýðuflokksins alla formannstíð Jóns Baldvins. Þau tókust á um formannsembættið á flokksþingi 1994 og hafði Jón Baldvin betur. Fór svo að Jóhanna sagði af sér ráðherraembætti og stofnaði nýjan flokk, Þjóðvaka. Guðmundur Árni Stefánsson, arftaki hennar í embætti félagsmálaráðherra, þurfti að segja af sér skömmu síðar fyrir umdeildar embættisfærslur.<sup>256</sup> Þjóðvaki Jóhönnu bauð fram í þingkosningunum 1995 undir slagorðum um sameiningu jafnaðarmanna.<sup>257</sup> Hlaut hún mikinn meðbyr í skoðanakönnunum, en að lokum fór það svo að flokkurinn hlaut aðeins fjóra þingmenn. Alþýðuflokkur tapaði þremur og Kvennalisti tveimur.<sup>258</sup> Framsóknarflokkurinn var sigurvegari í kosningunum og Viðeyjarstjórnin hélt velli með aðeins einum þingmanni, á svipaðan hátt og vinstri stjórnin hafði gert fjórum árum áður. Úr varð að Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur mynduðu nýja ríkisstjórn undir forsæti Davíðs Oddssonar. Viðreisnarsamstarfinu var lokið.

---

<sup>252</sup> Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson.

<sup>253</sup> Viðtal við Styrmi Gunnarsson. Sjá einnig *Guðni af lífi og sál*. Bls. 272.

<sup>254</sup> *Forsætisráðherrann*. Bls. 372.

<sup>255</sup> Sama heimild.

<sup>256</sup> *Ísland á 20. öld*. Bls. 517.

<sup>257</sup> Sama heimild.

<sup>258</sup> *Ísland á 20. öld*. Bls. 539.

## Niðurstöður

„Tveir menn sigldu út í Viðey í kastljósi fjölmiðlanna. [...] Annar með það að markmiði að komast í ríkisstjórn hvað sem tautaði til að réttlæta formannsskipti í flokki sínum. Hinn undir þeim formerkjum að ekki væri hægt að vinna lengur með fyrrverandi samstarfsmönnum í ríkisstjórn, þrátt fyrir margítrekaðar yfirlýsingar hans sjálfs um ágæti þeirrar ríkisstjórnar.“<sup>259</sup> Svo hljóðaði upphaf fyrstu ræðu Guðmundar Bjarnasonar, þingmanns Framsóknarflokks, á Alþingi að afstöðnum kosningum vorið 1991.

Orð Guðmundar sýna glögglega óánægju samstarfsflokka Alþýðuflokksins í vinstri stjórninni með þá ákvörðun Jóns Baldvins og félagar að starfa til hægri. Vinstri stjórnin hafði náð miklum árangri í efnahagsmálum, lagt grunninn að EES samningnum, hafið samninga um nýtt álver, komið á nýju húsbréfakerfi og lagt hönd á plóg við Þjóðarsáttarsamningana. Þingmenn stjórnarflokkanna litu á vinstri stjórnina sem góða stjórn, sem hefði náð árangri á erfiðum tímum. Undir þetta tók Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra. Vinstri stjórnin hafði staðið fyrir sínu í þeim málum sem voru til afgreiðslu í hennar tíð. Formenn flokkanna sem að henni stóðu höfðu bundist nánum vináttuböndum og stillt saman strengi sína í stjórnarmálum. En undir lok kjörtímabilsins voru ný verkefni við sjóndeildarhringinn. Samningurinn um álver á Keilisnesi var Jóni Sigurðssyni iðnaðar- og viðskiptaráðherra mikið metnaðarmál, sem og aukið viðskiptafrelsi og samningar um Evrópskt efnahagssvæði. Undir lok stjórnarsamstarfsins var hann orðinn mesti hvatamaður þess innan Alþýðuflokksins að viðreisnarsamstarf við Sjálfstæðisflokk yrði endurvakið eftir kosningar. Aðrir alþýðuflokksmenn fylgdu fljótt á eftir og tóku að mæla fyrir breyttu stjórnarmynstri, enda höfðu þeir hlýjar minningar um viðreisnarstjórnina fyrri.

Alþýðubandalagið var í erfiðri stöðu í lok kjörtímabilsins, þrátt fyrir góðan árangur í kosningunum. Hugur þingmannanna, og þá sérstaklega Ólafs Ragnars formanns, stóð til að endurnýja vinstra samstarfið. Þjóðernislegur málflutningur þeirra í stóru málunum tveimur, álmálinu og EES málinu, hafði hins vegar gert þeim erfitt fyrir. Alþýðuflokksmenn höfðu misst trúna á að Ólafur Ragnar hefði stjórn á þingflokkinum og gæti tryggt framgöngu þessara mála í sama ríkisstjórnarmynstri. Samstarf

---

<sup>259</sup> *Alþingistíðindi 1991. A-B*. Bls. 258.

Alþýðubandalags og Sjálfstæðisflokks var sem fyrr fjarlægur möguleiki.

Alþýðubandalagsmenn lögðu allt kapp á að halda sama stjórnarmynstri áfram og buðu Jóni Baldvini því stól forsætisráðherra strax eftir kosningar í þeirri von að sú vegtylla fengi hann til að framlengja samstarfið við félagshyggjuflokkana.

Framsóknarflokkurinn var þó jafnvel í enn erfiðari stöðu en Alþýðubandalagið. Samstarf við Sjálfstæðisflokk var nær óhugsandi á meðan Steingrímur Hermannsson væri formaður flokksins. Hann hafði litið á hægri öflin í Sjálfstæðisflokknum sem höfuðandstæðing sinn allt frá því að upp úr ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar slitnaði árið 1988. Enginn úr röðum þingmanna Sjálfstæðisflokks hafði áhuga á samstarfi við Framsókn, sér í lagi eftir að kosningaúrslitin urðu ljós. Samstarf til vinstri var því Steingrími efst í huga að afstöðnum kosningum. Málflutningur hans, annarra þingmanna Framsóknarflokksins og *Tímans*, málgagns þeirra, í Evrópumálum hafði hins vegar gert alþýðuflokksmenn fráhverfa vinstra samstarfi. Mikið skildi á milli Alþýðuflokks og Framsóknarflokks hvað varðaði landbúnaðar- og sjávarútvegsmál. Halldór Ásgrímsson lék sama leik og Ólafur Ragnar þegar hann bauð Jóni Baldvini forsætisráðherraembættið. Öruggt var að dagar Steingríms Hermannssonar í því embætti voru taldir, hvert sem stjórnarmynstrið yrði.

Í inngangi var þeirri spurningu velt upp hvort deilur um EES samninginn hefðu haft áhrif á myndun Viðeyjarstjórnarinnar. Ljóst er að mikilvægasta málefnið í augum flestra alþýðuflokksmanna á þessum tíma var að ljúka samningunum um Evrópskt efnahagssvæði. Þingmenn flokksins höfðu sífellt meiri áhyggjur af því að samstarfsmenn þeirra í ríkisstjórn styddu samningaviðræðurnar ekki heilshugar. Kosningaslagorð Framsóknarflokksins, „X-B, ekki EB“, og Akureyrarræða Steingríms Hermannssonar vöktu grunsemdir alþýðuflokksmanna um að samstarfsflokkarnir kynnu að hindra framgöngu EES málsins, yrðu þeir áfram í ríkisstjórn. Ólafur Ragnar var einnig reikandi í afstöðu sinni til samninganna og þá vissu alþýðuflokksmenn um neikvæða afstöðu Hjörleifs Guttormssonar. Þegar kosningarnar voru afstaðnar og ljóst að ríkisstjórnin héldi velli með aðeins einum þingmanni sáu alþýðuflokksmenn að EES málið næði ekki fram að ganga í vinstri stjórn. Ekki yrði hægt að treysta á stuðning Kvennalista eða sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu við að koma málinu í gegn. Í ljós kom síðar við atkvæðagreiðslu um samninginn að þessar áhyggjur reyndust réttmætar. Enginn

þingmanna Framsóknarflokks, Alþýðubandalags eða Kvinnalista greiddi atkvæði með samningunum, þrátt fyrir þá staðreynd að framsóknarmenn og alþýðubandalagsmenn hefðu haft forystu um að Íslendingar tækju þátt í EES samningunum þegar flokkar þeirra sátu í ríkisstjórn. Jákvæð afstaða sjálfstæðismanna til EES samninganna varð forystu Alþýðuflokksins ljós nokkru fyrir kosningar á leynilegum einkafundum. Jón Baldvin lagði svo persónulegan metnað til hliðar þegar honum bauðst að verða forsætisráðherra í vinstri stjórn og kaus heldur að taka sæti í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, þar sem tryggt væri að EES samningurinn næði fram að ganga. EES málið var því lykilatriði í því að Viðeyjarstjórnin var mynduð.

Hin spurningin sem ég lagði til grundvallar var hvort Sjálfstæðisflokkur og Alþýðuflokkur hefðu lagt drög að stjórnarmyndun fyrir kosningarnar 20. apríl 1991. Svarið við henni er ekki eins svart og hvítt. Sjálfstæðismenn og alþýðuflokksmenn höfðu vissulega fundað saman og rætt málin eins og stjórnámálamenn gera reglulega. Fundir þeirra undir lok árs 1990 og í upphafi árs 1991 höfðu hins vegar á sér annan blæ. Á þessum fundum fóru fram langar og ítarlegar samræður um stefnumál flokkanna og deilumál þeirra á milli, meðal annars álmálið og EES málið, voru krufin og leyst. Fyrir þessa fundi hafði ekki verið talsamband milli forystumanna flokkanna tveggja. Stjórnarsamstarf viðreisnarflokka tveggja hefði verið óhugsandi hefði þetta samband ekki verið treyst á nýjan leik. Samstarf Sjálfstæðisflokks Þorsteins Pálssonar við Framsóknarflokk hefði í raun einnig verið ólíklegt vegna persónulegu óvildar síðan Þorsteinn leiddi skammlífa ríkisstjórn þeirra.

Koma Davíðs Oddssonar í formannsstól skipti því máli við að brjóta upp félagsskap félagshyggjuflokkanna. Hann var óskrifað blað í landsmálunum. Í kosningabaráttunni var Sjálfstæðisflokkurinn gagnrýndur fyrir stefnuleysi, en sveigjanleiki í málefnasamningum kom honum einmitt til góðs við myndun ríkisstjórnar. Davíð kom inn á sjónarsvið landsmálanna með ferskar áherslur í Evrópumálum sem hugnuðust alþýðuflokksmönnum. Hann boðaði þeim uppstökkun á landbúnaðarkerfinu og breytingar á hinu alræmda fiskveiðistjórnunarkerfi. Hann studdi álver og aðhald í ríkisfjármálum. Jón Baldvin taldi sig þarna hafa fundið góðan samstarfsmann til að takast á við þau verkefni sem honum þótti brýnust. Hann taldi að á milli þeirra ríkti gagnkvæmt traust, en þegar fram liðu stundir runnu á hann tvær grímur.

Viðreisnarsamstarfið hefði verið óhugsandi hefðu sjálfstæðismenn ekki gert alþýðuflokksmönnum skýra grein fyrir því að þeir væru tilbúnir til að styðja EES málið í ríkisstjórn. Þetta var það mikilvægasta sem fram kom á fundum forystumanna fyrir kosningar. Eftir þessa stefnubreytingu Sjálfstæðisflokksins varð ekki aftur snúið. Því má vissulega færa rök fyrir því að drög að stjórnarmyndun hafi verið lögð mánuðum fyrir kosningarnar 1991. En stjórnarmyndunarviðræður voru það ekki. Forystumenn flokkanna urðu jákvæðari hver í annars garð og æ sannfærðari um að í viðreisnarstjórn mætti ná árangri sem báðir flokkarnir gætu sætt sig við. Viðreisnarstjórn árána 1959 til 1971 var farsæl að þeirra mati og vildu þeir ólmir endurvekja það samstarf. Sjálfstæðismenn töldu sig ná flestum sínum stefnumálum fram með Alþýðuflokki og tókst þeim þar að auki að hindra samstarfsflokkinn í að ná fram áherslum sínum í málaflökkum, þar sem flokkana greindi á.

Annarra bíður það verkefni að rannsaka kjörtímabil Viðeyjarstjórnarinnar í kjölinn. Margvíslegur ágreiningur kom upp í stjórninni. Strax kom í ljós að ákveðin loforð Davíðs Oddssonar við gerð „heiðursmannasamkomulagsins“ í Viðey reyndust óframkvæmanleg. Verkefni voru ekki færð til umhverfisráðuneytisins eins og lofað hafði verið. Litlar breytingar urðu á sjávarútvegsstefnunni þó að Davíð hefði sagst ætla að koma slíkum breytingum gegnum þingflokk sinn. Ekkert varð úr uppstokkun á landbúnaðarkerfinu, eins og alþýðuflokksmenn hefðu viljað. Óánægja þeirra með þá niðurstöðu varð nánast til þess að stjórnin liðaðist í sundur árið 1994. Enn er órannsakað hversu mikil alvara var þar á ferð og hvernig málin leystust á milli stjórnarflokkanna. Seinna á kjörtímabilinu blossuðu upp deilur um varnarmál og meinta lausmælggi Jóns Baldvins í garð fjölmiðla. Afsögn Guðmundar Árna Stefánssonar félagsmálaráðherra og kloffningur Alþýðuflokks með tilkomu Þjóðvaka eru einnig áhugaverð viðfangsefni.

Hér hefur verið sýnt fram á að sundrung stjórnarflokkanna í kosningabaráttunni hafi verið lykilatriði í því að vinstri stjórnin sat ekki áfram að loknum kosningum. Í kosningabaráttunni var Davíð Oddsson hins vegar óskrifað blað í landsmálunum og var að eigin sögn á sömu skoðun og alþýðuflokksmenn í mikilvægum málum. Á lokuðum fundum með forystu Alþýðuflokksins tókst sjálfstæðismönnum að eyða stærstu ágreiningsefnunum á milli flokkanna. Erfitt var fyrir alþýðuflokksmenn að hafna tilboði um fimm ráðherrastóla, stuðningi við EES og álver og loforði um breytingar á

landbúnaðar- og sjávarútvegsstefnunni. Að setja nýja viðreisnarstjórn á fót heillaði einnig. Úr varð að Sjálfstæðisflokkur og Alþýðflokkur mynduðu í annað sinn tveggja flokka stjórn. Þessi entist hins vegar ekki í 12 ár eins og sú fyrri. Viðeyjarárin urðu ekki þau gullöld sem upphafsmenn þeirra höfðu vonast eftir. En engu að síður eru þeir fullvissir um að mörg verk Viðeyjarstjórnarinnar hafi haft djúpstæð áhrif á þróun íslensks samfélags.

## Heimildaskrá

### Óprentaðar heimildir

#### Gögn frá stjórnmalaflokkum:

Guðmundur Oddsson: „Nokkrir punktar um undirbúning kosninganna 20.apríl 1991.“

Jón Baldvin Hannibalsson: „Hversvegna vill Framsókn framselja fiskimiðin? Hvers vegna Hræðslubandalag þjóðernisfarisea Framsóknar og AB getur orðið þjóðinni hættulegt.“ 16. apríl. 1991.

Landsfundir Sjálfstæðisflokksins 1989-1999.

Landsfundir Sjálfstæðisflokksins 2001-2005.

Óbirt og ódagsett viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson frá hausti 1990.

#### Heimasíður:

Alþingisvefurinn. <http://www.althingi.is> Skoðað 11. september. 2008.

Össur Skarphéðinsson: „Sterkir menn og stór egó“. 25. júní. 2008. *Bloggsíða Össurar Skarphéðinssonar*. <http://www.ossur.hexia.net> Skoðað 5. september. 2008.

#### Sjónvarpsþættir:

Ísland í Evrópu. 8. þáttur. Hvað er framundan? Umræðuþáttur um Evrópumál með forystumönnum stjórnmalaflokkanna. Ríkisútvarpið, 22. janúar 1991. Spólunúmer M-10676.

Setið fyrir svörum. Viðtalsþáttur fyrir kosningar. Gestir voru Davíð Oddsson og Ólafur Ragnar Grímsson. Ríkisútvarpið, 7. apríl 1991. Spólunúmer M-10825.

#### Viðtöl:

Tölvupóstur frá Birni Bjarnasyni, 26. ágúst 2008.

Tölvupóstur frá Sighvati Björgvinssyni, 8. ágúst 2008.

Tölvupóstur frá Svavari Gestssyni, 17. september 2008.

Viðtal höfundar við Jón Baldvin Hannibalsson, 19. ágúst 2008.

Viðtal höfundar í síma við Jón Sigurðsson, 16. ágúst 2008.

Viðtal höfundar í síma við Margréti S. Björnsdóttur, 7. ágúst 2008.

Viðtal höfundar í síma við Vilhjálm Egilsson, 16. júlí 2008.

Viðtal höfundar við Ólaf G. Einarsson, 8. ágúst 2008.

Viðtal höfundar við Styrmi Gunnarsson, 11. ágúst 2008.

Viðtal höfundar við Þorstein Pálsson, 11. júlí 2008.

## **Prentaðar heimildir**

### Bækur

Baldur Þórhallsson: „Evrópustefna íslenskra stjórnvalda: Stefnumótun, átök og afleiðingar“ *Uppbrot hugmyndakerfis. Endurmótun íslenskrar utanríkisstefnu 1991-2007*. Ritstjóri: Valur Ingimundarson. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 2008.

Dagur B. Eggertsson: *Forsætisráðherrann. Steingrímur Hermannsson. Ævisaga III*. Vaka-Helgafell. Reykjavík, 2000.

Einar Benediktsson: *Ísland og Evrópuþróunin 1950-2000*. Fjölsýn. Reykjavík, 2000.

Eiríkur Bergmann Einarsson: *Evrópusamruninn og Ísland. Leiðarvísir um samrunaþróun Evrópu og stöðu Íslands í evrópsku samstarfi*. Háskólaútgáfan. Reykjavík, 2003.

Gunnar G. Schram: *Evrópska efnahagssvæðið. Meginatriði og skýringar*. Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands. Reykjavík, 1992.

Helgi Skúli Kjartansson: *Ísland á 20. öld*. Sögufélag. Reykjavík, 2003.

*Iceland and European Integration. On the edge*. Ritstjóri: Baldur Þórhallsson. Routledge. New York, 2004.

Ingólfur Margeirsson: „Saga og sjónvarp. Sprakk ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar í beinni sjónvarpsútsendingu í septembermánuði 1988?“ B.A.-ritgerð í sagnfræði frá Háskóla Íslands. Reykjavík, 2006.

Kristján Þorvaldsson: *Hreinar línur. Lífssaga Guðmundar Árna Stefánssonar*. Fróði. (Reykjavík), 1994.

Ólafur Þ. Stephensen: *Áfangi á Evrópuför. Evrópskt efnahagssvæði og íslensk stjórnsmál*. Háskólaútgáfan. Reykjavík, 1996.



Sigmundur Ernir Rúnarsson: *Guðni af lífi og sál. Saga þjóðar, manns og stormasamra stjórn mála*. Veröld. Reykjavík, 2007.

*Stjórnarráð Íslands 1964-2004. 3.b. Saga ríkisstjórna og helstu framkvæmdir 1983-2004*. Ritstjóri Sumarliði R. Ísleifsson. Sögufélag. Reykjavík, 2004.

*Uppbrot hugmyndakerfis. Endurmótun íslenskrar utanríkisstefnu 1991-2007*. Ritstjóri: Valur Ingimundarson. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík, 2008.

Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir: *Stelpa frá Stokkseyri. saga Margrétar Frímansdóttur*. Hólar. Reykjavík, 2006.

Örnólfur Árnason: *Járnkarlinn. Matthías Bjarnason ræðir um ævi sína og viðhorf*. Skjaldborg. Reykjavík, 1993.

#### Dagblöð og tímarit

*Alþýðublaðið*. 1988, 1989, 1990 og 1991.

*DV*. 1991.

*Morgunblaðið*. 1989, 1990 og 1991.

*Tíminn*. 1991.

*Þjóðlíf*. 1991.

*Þjóðviljinn*. 1989 og 1991.

#### Alþingistíðindi

*Alþingistíðindi 1989-1990 B*.

*Alþingistíðindi 1991 A-B*.

*Alþingistíðindi 1992-1993 B*.